# Bréfabók borgarstjóra 27. júlí - 3. sept. 1908-1909

Aðfnr. 229, 2. hluti

Bréf 27. júlí 1908 – 20. okt. 1908

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skrifstofu borgarstjórans i Reykjavik

27. júli 1908

1.

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri hjer með, skrá yfir aukaniðurjöfnun útsvara til bæjarparfa i Reykjavikurkaupstað 1908.-

Til

bæjargjaldkera ns i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

Skrifstofu borgarstjórans í Reykjavík

27.júlí 1908

1.

Jeg sendi yður,herra bæjargjaldkeri hjer með,skrá yfir aukaniðurjöfnun útsvara til bæjarþarfa í Reykjavíkurkaupstað 1908.

Til

bæjargjaldkerans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík
31. júlí 1908

2

Beiðni yðar fyrir hönd Bergljótar Lárusdóttur og Marenar Pjetursdóttur um að fá ljeða eina eða eða tvær kennslustofur í Barnaskólahúsi bæjarins næsta vetur til þess að hafa þar í kvöldskóla fyrir ungar stúlkur var tekin fyrir á skólanefndarfundi í gær, en þar sem skólanefndin áleit, að hana jafnvel mundi skorta hús fyrir börn þau, er lögum samkvæmt eiga að ganga í skólann næsta vetur, sá hún sjer ekki fært, að ljá kennslustofur í barnaskólahúsinu til þessa kvöldskóla hælds. Þetta tilkynnist yður hjer með.

Til
frú Guðrúnar Pjetursdóttur, Skólavörðustíg 11 a.
Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn i Reykjavik

31. júlí 1908

3.

Skólanefnd Reykjavíkur hefur óskað að fá hjá þeim, er halda vilja einka skóla á komandi vetri skýrslu um fyrirkomulag skólans og stundatöflu. Með því að jeg hefi heyrt að þjer hafið í hyggju að halda skóla fyrir börn næsta vetur eruð þjer hjer með beðinn um að senda mjer við allra fyrsta tækifæri skýrslu um fyrirkomulag hans og stundatöflur.

Herra

skólakennari Ásgrimur Jónsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavikur

7.ágúst 1907

4

Á fundi 6.þ.m. afsalaði bæjarstjórnin sjer forkaupsrjetti að erfðafestulandi yðar "Norðurgarði", er þjer ætlið að selja Jóni Þórarinssyni fyrir 1800 kr..

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Frú

Sophia Thorsteinsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7.ágúst 1908

5.

Á aðalfundi bæjarstjórnarinnar 6.þ.m.,var lögð fram beiðni yðar dags.27.þ.m. um að fá breytt erfðafestulandi því,er þjer hafið keypt af frú Sophiu Thorsteinsson í byggingarlóð.Bæjarstjórnin veitti leyfi til þessa með því skilyrði að 1/5 hluti kaupverðsins greiðist í bæjarsjóð,og að bærinn haldi rjetti sínum óskertum til ókeypis vegarstæði,þar sem þurfa kann að leggja veg yfir erfðafestulandið.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
umsjónamaður menntamála Jón Þórarinsson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7.ágúst 1908

6

Á fundi 6.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin að fyrverandi skólastjóri Jón Þórarinsson mætti breyta erfðafestulandi við Laufásveg svo kölluðum "Norðurgarði",er hann hefur keypt af frú Sophiu Thorsteinsson fyrir 1800 kr. í byggingarlóð með því skilyrði að 1/5 hluti kaupverðsins greiðist í bæjarsjóð.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta,herra bæjargjaldkeri,eruð þjer beðinn um að veita viðtöku og kvitta fyrir þessum 1/5 hluta af kaupverði nefndrar lóðar ef það verður greitt til yðar.

Til

bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.ágúst 1908

7.

Á fundi 6.þ.m. sambykkti bæjarstjórn Reykjavikur, að þjer,herra lektor megið breyta i byggingarlóð sneið af erfðafestulandi yðar,að stærð 210 fer álnir,er þjer ætlið að selja præp.hon.Guðmundi Helgasyni fyrir 1 krónu al.,með því skilyrði að 1/5 hluti kaupverðsins greiðist i bæjarsjóð og að bærinn haldi rjetti sinum til ókeypis vegarstæðis yfir hið selda land.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

lektor Þórhallur Bjarnarson,Laufási.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra . Reykjavikur

7.ágúst 1908

6

Á fundi 6.þ.m. ákvað bæjarstjórnin að visa til veganefndar eptirgreindum málum:

1. Erindi Sigurðar Guðmundssonar,29.f.m.,þar sem hann býður bæjarstjórninni forkauprjett að "Prostastaðabletti
2. Erindi Páls Bergssonar 29.f.m. um að fá keypt land i Fossvegi.
3. Erindi Vilhjálms Bjarnarsonar um að fá erfðafestuland fyrir innan Rauðará.
4. Erindi Ungmennaf.jelags Reykjavikur um skiðabraut i Øskjuhliðinni..
5. Erindi frá Bergi Einarssyni 4,þ.m. um að fá leigða lóð kringum Móakotslind.

Øll þessi erindi með tilheyrandi fylgiskjölum sendi jeg veganefndinni hjer með og óska að fá umsögn og tillögur nefndarinnar um þau nokkrum dögum fyrir næsta reglulegan fund bæjarstjórnarinnar.

Til

Veganefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
7.ágúst 1908

9

Á bæjarstjórnarfundi 6.þ.m. var logð fram beiðni yðar,herra óðalsbóndi,um að mega breyta 150 fer aln. af erfðafestulandi yðar i byggingarlóð,en land þetta ætlið þjer að selja Jóni Magnússyni.Þessu erindi yðar var visað til byggingarnefndarinnar.Jafnframt þvi að tilkynna yður þetta eruð þjer aðvaraðir um,að þvi að eins má vænta að byggingarnefndin geti orðið við þessari ósk yðar að þjer sendið uppdrátt af þessari landsspildu,er jafnframt sýni afstöðu og legulóðarinnar gagnvart lóð Jóns Magnússonar.-Vænti jeg þvi að þjer sendið byggingarnefndinni þennan uppdrátt hið allra fyrsta.

Herra

óðalsbóndi Vilhjálmur Bjarnarson,Rauðará.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.ágúst 1908

10

Hjer með tilkynnist yður, herra trjesmiður, að bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður, að byggja einlopta íbúðarhús 9.9 með skýr 2.3 al.á lóð þeirri við Skólavörðustig, er þjer hafið keypt af Matthiasi Matthiassyni Kaupmaðði.

Herra

trjesmiður Páll Lárusson, Spítalastig nr.6.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7.ágúst 1908

11

Hjer með tilkynnist yður, herra skólakennari, að bæjarstjórnin hefur á fundi 6.þ.m. veitt yður leyfi til þess, að byggja forstofu við hús yðar við Laufásveg með þeirri gerð og stærð er ræðir um í brjefi yðar 10.f.m.. En leyfi þetta er bundið því skilyrði, að þjer sjeuð skyldur til að gjöra eldvarnargafl við forstofuna hvenær sem bærinn krefst þess, og að þessi skuldbinding verði þinglesin sem kvöð á eigninni. Jafnframt því að tilkynna yður þetta, eruð þjer hjer með aðvaraðir um, að áður en þjer byggið forstofuna ber yður að afhenda hjer á skrifstofunni skriflega skuldbindingu um þetta ásamt gjaldinu fyrir þinglestur hennar.

Ennfremur samþykkti bæjarstjórnin, að hún sem eigandi næstu lóðar veitti yður heimild til, að byggja forstofuna þótt hún yrði nær lóð hennar, en byggingarsamþykktin leyfir að byggja án sjerstaks samþykkis.

Herra

skólakennari Halldór Briem. Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík
7.ágúst 1908

12.

Byggingarnefnd hefur fyrir sitt leyti leyft og bæjarstjórn samþykkt,að þjer megið byggja útihús fyrir hesta og hey á lóð yðar við Laugaveg 77.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Sigurður Jónsson

Laugaveg 77.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.ágúst 1908

13

Bygginbarnefnd og bæjarstjórn hafa leyft yður,herra trjesmiður,að byggja viðbótárskur við smiðarhús yðar á lóðinni við Lindargötu 14.Þetta tilkynnist yður hjer með en jafnframt eruð þjer aðvaraðir um,að samþykki brunamálanefndar þarf til þess að hafa smiðju i skúrnum.

Herra

trjesmiður Jóhannes Lárusson,Lindargötu 14.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík
7.ágúst 1908

14

Samkvæmt ósk yðar,hefur byggingarnefnd samþykkt að þjer megið taka af glugga á vesturgafli húss yðar,Vonarstræti 2,og setja dyraumbúnað með hurð í staðinn.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

Kolbeinn snikkari Þorsteinsson,Vonarstræti 2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.ágúst 1908

15

Á fundi 6.þ.m. ákvað bæjarstjórnin að visa erindi Árna Árnasonar og Ólafs Bjarnasonar um kaup á lóð og húsi nr.26 við Lindargötu aptur til byggingarnefndarinnar og var lagt fyrir nefndina að útvega teikningu af svæði þesssu og aðliggjandi lóðum og götupörtum og jafnframt að fá upplýsingu um hve mikið af lóðinni nr.26 við Lindargötu þurfi að taka til væntanlegrar breikkunar Lindargötu og Frakkastig .

Jeg skal því hjer með fara þess á leit,við yður herra verkfræðingur,að þjer gjörið sem allra fyrst teikningu af svæði þessu og látið byggingarnefndinni í tje skýrslu yðar um hve mikla lóð þurfi að taka til breikkunar nefndra gatna.

Herra

verkfræðingur Sigurður Thoroddsen.Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn i Reykjavik

7.ágúst 1908

16.

Bæjarstjórnin hefur samkvæmt tillögu byggingarnefndar ályktað að hún að svo komnu ekki vilji selja lóð þá við Nýlendugötu nr.12,sem þjer hafið falast eptir með brjefi dags.29.júni þ.á. fyrir minna verð en 1 kr.75 a. fyrir hverja feralin.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til".

Guðrúnar Ólafsdóttur,Nýlendugötu nr.12

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.ágúst 1908

17

Byggingarnefnd og bæjarstjórn hafa leyft yður, herra præp.hon.að byggja ibúðarhús við Laufásveg með þeirri stærð og gerð sem tiltekin er i brjefi yðar dags. 15.f.m.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

præp.hon.Guðmundur Helgason,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7.ágúst 1908

18

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður, herra snikkari,að byggja geymsluhús aptast á lóð yðar við Hverfisgötu með þeirri gerð og stærð er uppdráttur sá er fylgdi brjefi yðar 31.f.m. sýnir.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
snikkari Sigurjón Ólafsson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
7. ágúst 1908

19

Á byggingarnefndarfundi 3. þ. m. var lagður fram uppdráttur af húsi því er þjer hafið í hyggju að byggja á lóð yðar við Fríkirkjuveg. Byggingarnefndin gat ekki að þessu sinni veitt byggingarleyfi af því að uppdrátt vantaði af lóðinni og ennfremur athugaði nefndin að vegghæð hússins væri of há, þannig að undanþágu þarf að fá hvað þetta snertir. Sömuleiðis var athugað, að bakstigi sást ekki á uppdrættinum.-

Þetta tilkynnist yður hjer með að því viðbættu, að fundur í byggingarnefndinni verður haldinn næst laugardaginn þann 15. þ. m..

Herra
snikkari Steingrímur Guðmundsson, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7.ágúst 1908

20

Þann 5.þ.m. var á byggingarnefndarfundi tekin til meðferðar beiðni yðar um,að mega byggja hesthús og heyhús á lóð yðar við Lindargötu 19,en nefndin gat ekki synt þessari beiðni yðar,að því að uppdráttur sa er fylgdi beiðninni þótti ófullnægjandi.

Þetta tilkynnist yður hjer með að því viðbættu,að að byggingarfulltrúinn mun þess er óskað leiðbeina yður með það hvað lagfæra þarf í uppdrættinum,svo að hann gerði tekinn gildur.-

Herra

Ólafur Jónsson,Lindargötu 19.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7.ágúst 1908 21

Byggingatnefndin hefur leyft og bæjarstjórnin samþykkt,að þjer megið byggja geymsluskúr á lóð yðar Klapparstig 10 samkvæmt því er þjer hafið óskað eptir í brjefi dags.29.f.m..

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

kaupm.Ámundi Árnason,Klapparstig 10.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
7.ágúst 1908

22

Byggingarnefndin hefur leyft það,að þjer ,herra lögregluþjónn megið setja nýjan gafl i hús yðar við Framnesstig 19.Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
lögregluþjónn Jónas Jónasson,Framnesstig 19.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
8.ágúst 1908

23

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bæjarfógeti að á fundi 6.þ.m. kaus bæjarstjórnin þá Sighvat Bjarnason bankastjóra og Eggert Briem skrifstofustjóra í yfirkjörnstjórn við næstu alþingiskosningar. En til vara þá Klemens Jónsson landritara og Jón Hermannsson skrifstofustjóra.

Hinsvegar voru ekki á þessum fundi kosnar undirkjörstjórnir,en bæjarstjórnin óskar,að fá tillögur yfirkjörstjórnarinnar um það hve margar undirkjördeildirnar skuli vera og hvernig þeim skuli fyrirkomið þ.e. hvort bænum skuli skipta eptir staðlegum takmörkum í kjördeildir eða eptir stafrofinu á kjörskránni.Um þetta leyfi jeg mjer að vænta að hafa fengið umsögn kjörstjórnarinnar fyrir næsta miðvikudag,en þann dag verður aukafundur haldinn í bæjarstjórninni og kosnar undirkjörstjórnir við alþingiskosningar.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.ágúst 1908

24

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bankastjóri,að bæjarstjórnin hafur á fundi 6.þ.m. kosið yður í yfirkjörstjórn við næstu alþingiskosningar.

Herra bankastjóri Sighvatur Bjarnason,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8. ágúst 1908

25

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra skrifstofustjóri, að bæjarstjórnin hefur á fundi 6. þ. m. kosið yður í yfirkjörstjórn við næstu alþingiskosningar.

Herra

skrifstofustjóri Eggert Briem. Reykjavík.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.ágúst 1908

25

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra skrifstofustjóri,að bæjarstjórnin hefur á fundi 6.þ.m. kosið yður til vara i yfirkjörstjórn við næstu alþingis-kosningar.-

Herra

skrifstofustjóri Jón Hermannsson,Reykjavík .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8.ágúst 1908

27

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra landritari,að bæjarstjórnin hefur á fundi 6.þ.m. kosið yður til vara i yfirkjörstjórn við næstu alþingiskosningar.

Herra
landritari Klemens Jónsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8.ágúst 1908

28

Samkvæmt ósk yðar, herra óðalsbóndi, í brjefi dags.24.f.m. samþykkti bæjarstjórnin á síðasta fundi, að yður skyldi endurborgað úr bæjarsjóði helming af aukaútsvari yðar 1908, er þjer höfðuð greitt í bæjarsjóði, og getið þjer vitjað upphæðarinnar 25 kr. hjá bæjargjaldkeranum.-

Herra
Gísli bóndi Einarsson, Nesi Selvogi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.ágúst 1908

29

Hjer með tilkynnist yður,herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin hefur samþykkt,að endurborga skuli Gísla Einarssyni fyr bónda í Sauðagerði,en nú bónda í Nesi í Selvogi helming aukaútsvars hans fyrir árið 1908,eða 25.kr..Þessar 25 kr. eruð þjer beðinn um að greiða Gísla þegar hann vitjar þeirra.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

8.ágúst 1908

30

Á síðasta fundi kaus bæjarstjórnin yður,herra verkfræðingur ásamt frú Þórunni Jónassen og Halldóri Jónssyni í nefnd til þess að íhuga erindi yðar og verkfræðings Fr. Kiörboe um að byggja skemmtigarð við suðurenda Tjarnarinnar.Jeg sendi yður því hjer með nefnt erindi ykkar ásamt þeim tveimur uppdráttum er því fylgdu og vænti jeg að þjer gangist fyrir því,að nefndin taki málefni þetta til meðferðar.

Herra

bæjarfulltrúi Knud Zimsen.-Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
8.ágúst 1908

31

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni að upphæð sú sem þetta ár verður úthlutað úr Alþýðustyrktarsjóði er 370 kr..

Til
Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.ágúst 1908

32

Hjer með tilkynnist yður,herra bankaritari,að bæjarstjórnin hefur á fundi 6.þ.m. samþykkt brunabótavirðingu á kennaraskólahúsinu,25968 kr..

Herra

bankaritari Hannes Thorsteinsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.ágúst 1908



Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingu til bráðabyrða á kennaraskólahúsinu, er samþykkt var á bæjarstjórnarfundi 6.þ.m..

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

12.ágúst 1906

Jeg leyfi mjer hjer með að senda yður,herra bæjarfógeti,eptirrit úr gjörðabók bæjarstjórnarinnar frá fundi i gær,er sýnir að bæjarstjórnin ákvað,að við næstu kosningar til alþingis skuli vera þrjár kjördeildir,og hverjir voru kosnir i undirkjörstjórnir fyrir hverja deild fyrir sig.Jafnframt skal jeg geta þess,að bæjarstjórnin ætlaðist til,að kjördeildaskiptingin væri gjörð eptir stafrofsröð á kjörskránni.

Til

Bæjarfógetans i Reykjavi.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13.ágúst 1908

35

Á aukafundi í gær kaus bæjarstjórnin yður,herra bæjarfulltrúi ásamt málaflutningsmanni Eggert Claessen og póstmeistara Sigurði Briem í kjörstjórn í 1.deild við alþingiskosningar þær sem fara eiga fram í næsta mánuði.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
bæjarfulltrúi Knud Zimsen Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13. ágúst 1908

36

Hjer með eruð þjer, herra steinsmiður, og þjer herra búfræðingur beðnir um að koma sem fyrst hingað á skrifstofuna til viðtals um tilboð það er þið hafið gjört í gröft fyrir vatnsveitupípum á kaflanum frá hinum fyrirhugaða vatnsgeymi á Rauðarárholti að skurðapunkti Laugarvegar og Barónsstígs.

Herra steinsmiður Jón Eiríksson, Laufásvegi 43 og
herra Búfræðingur Jónas Jónsson.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

37

13.ágúst 1908

Hjer með eruð þjer beðnir um að koma hingað sem fyrst á skrifstofuna til viðtals um tilboð það,er þjer hafið gjört i gröft fyrir vatnsveitupipum á kaflanum frá hinum fyrirhugaða vatnsgeymi á Rauðarárholti að skurðapunti Laugavegar og Barónsstigs.-

Herra

Jónas Þorsteinsson,Grettisgötu 19 A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
13.ágúst 1908

37

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður,herra málfærslumaður ásamt bæjarfulltrúa Knud Zimsen og og póstmeistara Sigurði Briem i kjörstjórn i 1.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram i næsta mánuði.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
yfirrjettarmálafærslumaður Eggert Claessen.Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13.ágúst 1908

39

Á aukafundi í gær kaus bæjarstjórnin yður,herra póstmeistari ásamt málfærslumanni Eggert Claessen og bæjarfulltrúa Knud Zimsen í kjörstjórn í 1.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram í næsta mánuði.- Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

póstmeistari Sigurður Briem,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
13.ágúst 1908

40

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður,herra skólastjóri,ásamt bankaritara Hannes Thorsteinsson og bankagjaldkera Þórði Thoroddsen i kjörstjórn i 2.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram i næsta mánuði.Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
skólastjóri Morten Hansen.Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
13.ágúst 1908

41

Á aukafundi í gær kaus bæjarstjórnin yður,herra bankaritari,ásamt skólastjóra Morten Hansen og bankagjaldkera Þórði Thoroddsen í kjörstjórn í 2.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram í næsta mánuði.
Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra
bankaritari Hannes Thorsteinsson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13.ágúst 1908

42

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður,herra banka-gjaldkeri,ásamt bankaritara Hannes Thorsteinsson og skólastjóra Morten Hansen i kjörstjórn i 2.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram i næsta mánuði. Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

bankagjaldkeri Þórður Thoroddsen ,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
13.ágúst 1908

43

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður,herra kaupmaður ásamt kaupmanni Ásgeir Sigurðssyni og málfærslumanni Oddi Gislasyni i kjörstjórn i 3.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram i næsta mánuði.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Kristján Þorgrimsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13.ágúst 1908

44

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður, herra kaupmaður, ásamt kaupm. Kristjáni Þorgrimssyni og málfærslumanni Oddi Gislasyni i kjörstjórn i 3.deild við alþingiskosningar þær, sem fara eiga fram i næsta mánuði.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Ásgeir Sigurðsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

13.ágúst 1908

45

Á aukafundi i gær kaus bæjarstjórnin yður,herra málfærslumaður,ásamt kaupmanni Kristjáni Þorgrímssyni og kaupmanni Ásgeir Sigurðssyni i kjörsjtórn i 3.deild við alþingiskosningar þær,sem fara eiga fram i næsta mánuði.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynnayður hjer með.-

Herra

málfærslumaður Oddur Gislason,Reykjavik .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavikur

13.ágúst 1908

46

Jeg sendi bankanum hjer með skuldabrjef útgefið 6.þ.m. af bæjarstjórn Reykjavikur til handa lifsábyrgðarfjelaginu "Hafnia"fyrir 100 þúsund krónum og mælist jeg til að bankanum vildi þóknast að láta veita upphæð skuldabrjefsins,að frádregnu stimpilgjaldinu,viðtöku og færa Reykjavikurbæ upphæðina til tekna i viðskiptareikningnum frá þeim degi að hún verður greidd umboðsmanni bankans i Kaupmannahöfn.

Þess skal getið,að jeg hef aðvarað lifsábyrgðarfjelagið "Hafnia"um að upphæð skuldabrjefsins verði hafin þegar eptir komu næsta póstskips til Kaupmannahafnar .

Til

Íslandsbanka ,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjaviks Byraad, 13. Águst 1908



Til Lifsforsikringsselskabet "Hafnia"

København

Efter modtagelse af æret skrivelse af 21.f.m. har byraadet paa möde d.6.d.m. undertegnet en obligation til "Hafnia" for 100,000 krónur. Da belöbet med fradrag af stempelafgivten skal indbetales paa byens konto hos Islandsbank, er obligationen afleveret til banken, der lader belöbet hæve ved sin repræsentant i Köbenhavn (Privatbanken). Det forventes at belöbet bliver udbetalt ved obligationens aflevering paa "Hafnias" kontor, hvilken antagelig vil finde sted umiddelbart efter postens ankomst til Köbenhavn.

Det bemærkes at obligationen, der nöjagtig er ligelydende med den insendte concept, er underskrevet paa selve byraadets möde af samtlige i byen tilstedeværende medlemmer. Sex af byraadets medlemmer var fraværende paa rejse og kunde saaledes ikke underskrive, men dette har ikke den fjærneste indflydelse paa obligationens gyldighed, eftersom byraadsmödet var beslutningsdygtig. Til yderligere oplysning er dette udtrykkelig fremhævet i ministeriets cautions paategning.

Concepten til obligationen sendes hoslagt.

Ærbödigst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík

18. ágúst 1908

Hjer með eruð þjer,herra bæjargjaldkeri,beðinn um, að útborga hjúkrunarfjelagi Reykjavíkur eða formanni þess, herra prestaskólakennara Jóni Helgasyni, 400 kr.,er bæjarstjórnin hefur veitt fjelaginu,og færa upphæðina til útgjalda af óvissum gjöldum bæjarins.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.ágúst 1908

49

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri hjer með 40 krónur, er jeg hef meðtekið frá sýslumanninum i Rangárvallasýslu, sem endurgjald frá Fljótshliðarhreppi til fátækrasjóðs Reykjavikur á 2/3 hlutum sveitarstyrks þess, er konan Ástriður Hróbjartsdóttir hefur fengið úr fátækrasjóði Reykjavikur á timabilinu frá 22 jan.-8.april þ.á.

—

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
18.ágúst 1908

50

Með heiðruðu brjefi dags.8.þ.m.,hafið þjer,herra sýslumaður,sent 40 krónur frá Fljótshlíðarhreppi til endurgjalds á 2/3 hlutum sveitarstyrks þess,er konan Ástríður Hróbjartsdóttir hefur fengið úr fátækrasjóði Reykjavikur á tímabilinu frá 22.jan.til 8.april þ.á..

Fyrir þessum 40 krónum veitist hjer með kvittun.-

Til

Sýslumannsins í Rangarvallasýslu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18.ágúst 1908

51

Jeg sendi fátækranefndinni hjer með til umsagnar brjef sýslumannsins í Þingeyjarsýslu dags.3.þ.m.,þar sem hann æskir yfirlýsingar um hvert Egill nokkur Guðnason sje viðurkenndur sveitlægur í Reykjavík.

Til

Fátækranefndar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans í Reykjavík
18. ágúst 1908

Á fundi 12. des. 1905 hefur bæjarstjórnin veitt baðhúsfjelagi Reykjavíkur 1000 króna styrk í 3 ár, með vissum skilyrðum, er fullnægt mun hafa verið af hálfu fjelagsstjórnarinnar. Þar sem baðhúsið ekki tók til starfa fyr en á öndverðu árinu 1907, mun fjelagið hafa að einu fengið útborgaðan styrkinn fyrir eitt árið eða fyrir árið 1907. Er því hjer með lagt fyrir yður, herra gjaldkeri að greiða fjelagsstjórninni eða formanni hennar, herra málaflutningsmanni Eggert Claessen styrkinn fyrir árið 1908, með 1000 kr., og ber væntanlega að telja útborgunina með óvissum útgjöldum bæjarsjóðsins.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Rrykjavikur
18.ágúst 1908

53

Sýslumaðurinn i Vestmanneyjasýslu hefur með brjefi dags.10 .þ.m. sent mjer 12 krónur er Helgi nokkur Jónsson á að skulda bæjarsjóði Reykjavikur,er munu vera ógreidd bæjargjöld hans frá fyrri árum.Þessar 12 krónur sendi jeg yður hjer með og ó óska kvittunar fyrir.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

20. Aug. 1908



Jeg tillader mig hoslagt at sende nogle exemplarer af et brev, som byraadet dags dato har sendt forskellige firmaer i ind- og udlandet angaaende tilbud om leverance af artikler til stik- og husledninger ved vandindlæg. -Byraadet vilde være hr. konsulen forbundet hvis det maate behage ham at sende tilbudene til franske firmaer, som kunde antages at vill gjöre tilbud paa denne leverance.

Ærbödigst

Til den Franske konsul i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21.ágúst 1908

55

Hjer með erúð þjer,herra steinsmiður,og þjer herra búfræðingur beðnir um að koma hingað á skrifstofuna sem { fyrst i þeirri veru áð samningar takist milli okkar um gröft fyrir vatnsveitupipum á kaflanum á hiðum fyrirhugaða vatnsgeymi á Rauðarárholti að skurðapunti Laugavegar og Barónsstigs.

Herra

steinsmiður Jón Eiriksson og búfræðingur Jónas Jónsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
21. ágúst 1908

Jeg sendi yður, herra byggingarfulltrúi hjer með erindi Jóns Einarssonar, Nýlendugötu Nr. 16, um að mega byggja skúr við íbúðarhús sitt, en erindi þetta hefur verið sent hingað til skrifstofunnar í stað þess að senda yður það.-

Til Byggingarfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjóri Reykjavikur
21. ágúst 1908

57

Hjer með tilkynnist yður,herra húsmaður, að þjer getið fengið leyfi til að slá 6 - 8 hesta af heyi í Vatnsmýrinni ( gömlu bakaragröfunum) gegn venjulegu eptirgjaldi eptir hest hvern.-

Herra húsmaður Einar Ólafsson , Spitalastig 2.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. ágúst 1908

58

Beiðni yðar, herra kaupmaður, dags. 31. f.m. um að fá leyfi til að halda áfram slátrun til sölu í hinum núverandi slátrunarhúsum yðar, var tekin til meðferðar á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar 20. þ.m., en bæjarstjórnin sá sjer ekki fært að veita leyfi þetta, þar sem slátrunarhús yðar ekki fullnægir kröfum þeim, er heilbrigðisnefndin gjörir til slíkra húsa, en undanþágu frá þessum ákvæðum heilbrigðisnefndarinnar getur bæjarstjórnin ekki veitt lengur.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta skal jeg taka það fram, að þjer að sjálfsögðu fáið slátrunarleyfið þegar þjer hafið komið yður upp slátrunarhúsi, er fullnægir kröfum heilbrigðissamþykktarinnar.

Herra kaupmaður Ámundi Árnason, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. ágúst 1908

59

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hefur leyft yður, herra þurrabúðarmaður, að gjöra hesthús og heyhús á lóð yðar nr. 18 við Lindargötu, með þeirri gerð og stærð, er uppdráttur sá, er beiðninni fylgði sýndi.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra húsmaður Ólafur Jónsson , Lindargötu Nr. 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
24. ágúst 1908

60

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa veitt yður, herra trjesmiður leyfi til að reisa skólahús á lóð yðar upp af Fríkirkjuvegi, með þeirri gerð og stærð, er tilgreind var i beiðni yðar og meðfylgjandi uppdrætti af hinu fyrirhugaða húsi, að því undanteknu, að byggingarnefndin vildi ekki mæla með því að yður yrði veitt sú undanþága frá byggingarsamþykktinni, að vegghæð hússins mætti vera hærri en 14 álnir. Byggingarleyfið er því bundið því skilyrði að vegghæðin verði ekki meiri en 14 álnir.-

Herra trjesmiður Steingrimur Guðmundsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. ágúst 1908

61

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa veitt yður leyfi til þess að byggja íbúðarhús á lóð yðar við Laufásveg með þeirri gerð og stærð,er tilgreind var í uppdrætti þeim,er fylgði beiðni yðar 31. f.m.-En þar sem uppdrátturinn virtist benda á,að upphitunarfærin í húsinu ættu að vera öðruvisi en vanalega gjörist,og það hinsvegar var ekki hægt að sjá af honum,hvernig þeim yrði komið fyrir, var byggingarleyfið bundið því skilyrði,að fengið yrði sjerstakt leyfi til að setja hin fyrirhuguðu eldfæri í húsið,og til þess þarf greinilegri uppdrátt af hinum fyrirhuguðu eldfærum,og hvernig eigi að koma þeim fyrir í húsinu.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra menntamálaumsjónarmaður Jón Þórarinsson , Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu
24. ágúst 1908

62

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa leyft yður, herra kaupmaður, að gjöra þær breytingar á húsi yðar í Þingholtsstræti Nr. 4,er þjer hafið farið fram á í brjefi yðar 12. þ.m. og uppdrætti þeim,er því fylgði.-
Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra kaupmaður Lárus G.Lúðviksson.
Pósthólf A 31.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. ágúst 1908

63

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa leyft yður, herra trjesmiður, að stækka glugga og setja dyr á austurhluta kjallarans undir húsi yðar Nr. 14 í Bankastræti.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra trjesmiður Sveinn Sveinsson , Bankastræti Nr. 14.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur 25. ágúst 1908



Á fundi byggingarnefnderinnar 15. þ.m. ljet byggingarfulltrúinn þess getið, "að Bjarni Magnússon frá Engey, Laugaveg 18, hafi enn ekki lokið þeim breytingum á húsum sinum á nefndri lóð, er bæjarfógetinn samkvæmt ályktun byggingarnefndar og bæjarstjórnar hafði skipað honum að gjöra (sjá fundargerð 18. april þ.á.) ". Jafnframt fól byggingarnefndin mjer að tilkynna yður þetta, herra bæjarfógeti, og vænti nefndin þess, að þjer munið koma fram ábyrgð á hendur Bjarna fyrir þetta og sjá um, að hann gjöri það, er byggingarnefnd og bæjarstjórn hafa lagt fyrir hann að gjöra i þessu efni. Og til upplýsingar um það leyfi jeg mjer að senda hjer með eptirrit úr byggingarnefndarbókinni um þetta frá fundum 4. og 18. april þ.á.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

25. ágúst 1908

65

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa leyft yður,herra trjesmiður,að byggja geymsluskúr við íbúðarhús yðar á Frakkastíg.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra trjesmiður Guðmundur Egilsson , Frakkastíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. ágúst 1908

66

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft verzluninni að setja 4 kvistglugga á Bryggjuhúsið.

Þetta tilkynnist hjer með.

Til H.P.Duusverzlunar, Reykjavik .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
25. ágúst 1908

67

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft ykkur að breikka skúrinn við hús ykkar Nr. 30 i Vesturgötu samkvæmt uppdrætti þeim,er fylgði beiðni ykkar um þetta.-

Þetta tilkynnist ykkur hjer með.-

Herra Einar Jónsson og Guðmundur Gislason.
Vesturgötu Nr. 30.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
25. ágúst 1908

68

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður, herra hringjari, að byggja geymsluhús á lóð yðar við Garðastræti, með þeirri gerð og stærð, er tilgreind var á uppdrætti þeim, er fylgði beiðni yðar.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra hringjari Bjarni Mattiasson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. ágúst 1908

69

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft,að þið megið stækka skúrinn við íbúðarhús ykkar,Vorhús við Brunnstig,samkvæmt því,er tekið var fram á uppdrætti þeim, er fylgði beiðni yðar.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Guðmundur Pjetursson og Guðni Helgason.

Vorhúsum við Brunnstig.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

25. ágúst 1908

70

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa samkvæmt ósk yðar veitt leyfi til þess að þjer megið nota sperrur 3".4" að gildleika i stað 4".4" i húsi því, sem þjer eruð að byggja við Njálsgötu, með því skilyrði að sperrurnar verði að því skapi fleiri og þjettari, sem ábrestur viðargildleikann.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra trjesmiður Jóhann Hafliðason.

Grettisgötu 44

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

25. ágúst 1908

71

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa samkvæmt ósk yðar leyft að þjer megið stækka skúrinn við við íbúðarhús Vesturgötu Nr. 53 B., samkvæmt því, er sýnt var á uppdrætti þeim, er fylgði beiðni yðar um þetta, og ennfremur, að þjer megið byggja salerni á lóðarmörkum, hið síðara þó því að eins, að eldvarnargafl verði byggður við það.-

Herra Einar Guðmundsson , Vesturgötu Nr. 53 B.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans i Reykjavik

25. ágúst 1908

72

Með brjefi dags. 7. þ.m. aðvaraði jeg yður, herra óðalsbóndi, um það, að þjer því að eins mættuð vænta, að fá meðmæli byggingarnefndar til þess að breyta í byggingarlóð 150 ferálnum af erfðafestulandi yðar, er þjer ætlið að selja Jóni Magnússyni, að uppdráttur verði sendur bygg-ingarnefndinni, er sýni erfðfestulandið og afstöðu þess gagnvart lóð Jóns Magnússonar.- Þennan uppdrátt hefur bygg-ingarnefndin ennþá ekki fengið og fyrir því frestaði hún á síðasta fundi að taka ákvörðun um þessa beiðni yðar.-

Þetta tilkynnist yður hjer með að því viðbættu, að ef þjer viljið fá nefndri beiðni yðar um að breyta erfðafestu-landinu í byggingarlóð framgengt, verðið þjer að senda bygg-ingarnefndinni uppdrátt þann, er hún hefur krafizt.-

Herra óðalsbóndi Vilhjálmur Bjarnarson , Rauðará.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
25. ágúst 1908

73

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var það samþykkt að verða við ósk yðar, herra trjesmiður í brjefi dags. 4. þ.m. um að framlengja notkunarfrest þann, er ákveðinn hafði verið á lóð þeirri, er þjer hafið fengið hjá bænum í skiptum fyrir aðra lóð.-

Þetta tilkynnist yður hjer með, að því viðbættu, að jeg óska viðtals við yður um þetta og vænti því, að þjer komið hingað á skrifstofuna í þeim erindum við tækifæri.-

Herra trjesmiður Guðmundur Egilsson, Reykjavik.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

25. ágúst 1908

74

Á byggingarnefndarfundi 15. þ.m. var gjörð svohljóðandi ályktun :

"Formanni falið að vekja athygli bæjarfógeta á því,að H.Th.A.Thomsensverzlun hafi ekki fullnægt skilyrði því um byggingu eldvarnargafls við skýli í Hafnarstræti,er honum var sett á fundi byggingarnefndar 21. des. f.á. nr. 4,sbr. fund 18. jan. 1908 nr. 6."-

Jafnframt því að leiða athygli yðar,herra bæjarfógeti, að þessu sendi jeg hjer með eptirrit úr fundargjörðum byggingarnefndarinnar frá 21. des. f.á. og 18. jan. þ.á. um þetta og byggingarnefndin leyfir sjer að vænta,að nefndri verzlun verði ekki látið haldast lengur uppi að fullnægja skilyrði því,er hún hefur sett um byggingu eldvarnargafls þessa.-

Til Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26.ágúst 1908

74

Stjórnarráðið hefur með brjefi dags.25.þ.m. skrifað á þessa leið :

"Utanríkisstjórnin danska hefur eptir beiðni frakkneska sendiherrans i Kaupmannahöfn skýrt frá því,að árslaun yfirhjúkrunarkonunnar i hinu frakkneska sjúkrahúsi i Reykjavik sjeu sett niður ã 3000 franka."

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna niðurjöfnunarnefndinni hjer með.-

Til

Niðurjöfnunarnefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
26. ágúst 1908

75

Á fundi 20. þ.m. afsalaði bæjarstjórnin sjer forkaupsrjetti að svokallaðri Frostastaðaeign hjer í bænum, er Sigurður Guðmundsson á Selalæk ætlar að selja Garðari Gíslasyni & Hay í Leith fyrir 37250 kr.-

Þetta tilkynnist yður, herra kaupmaður, hjer með.

Herra kaupmaður Jón Þórðarson , Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. ágúst 1908

76

Á fundi 20. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin að verða við beiðni Ungmennafjelagsins í brjefi dags. 5.þ.m. að leyfa að gjöra skíðabraut í Øskjuhlíðinni norðanverðri með þeirri gerð, sem tilgreind er í brjefinu og uppdrætti þeim, er því fylgði og að heimila land undir skíðabrautina að því leyti, sem svæðið er stærra, en áður var búið að leyfa.-

Þetta tilkynnist ungmennafjelaginu hjer með.-

Til Ungmennafjelags Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. ágúst 1908

77

Á fundi 20.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin að yður mætti leigja lóðarblett þann,sem liggur umhverfis Móakotslind í Skuggahverfi með þeim skilyrðum,að þjer greiðið 40 kr. árlega leigu eptir hana,og sje leigutíminn óákveðinn,en að þjer sjeuð skyldur til að rýma burt af lóðinni þegar bæjarstjórnin krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.-

Þetta tilkynnist yður hjer með,og ef þjer viljið sæta þessum kjörum vænti jeg,að þjer komið hingað á skrifstofuna og gjörið endanlegan samning um leigu á lóð þessari.

Herra sútari Bergur Einarsson ,Lindargötu Nr. 17.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. ágúst 1908

78

Á fundi 20. þ.m. leyfði bæjarstjórnin, að þjer, herra kaupmaður, megið endurbæta og lengja gangstjótt fyrir framan húseignina Nr. 4 í Vallarstræti.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra kaupmaður Björn Simonarson, Vallarstræti Nr. 4

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
28. ágúst 1908

79

Samkvæmt umsókn yðar, herra bæjarfógetaskrifari, dags. 11. þ.m. sambykkti bæjarstjórnin á fundi 20. þ.m., að falla mætti niður helmingurinn af aukaútsvari því, er yður hafði verið gjört að greiða til kaupstaðarins fyrir árið 1908.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra bæjarfógetaskrifari Sigurður Kristjánsson,
Hafnarfirði.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

28. ágúst 1908

81

79 80

Á fundi 20.þ.m.samþykkti bæjarstjórnin að falla mætti niður helmingur af aukaútsvari því,sem Sigurði Kristjánssyni nú bæjarfógetaskrifa í Hafnarfirði hafði verið gjört að greiða til bæjarins árið 1908,en útsvarið var alls 18 kr.-

Þetta tilkynnist yður,herra bæjargjaldkeri, hjer með til þess að þjer nemið þennan útsvarshelming burt af niðurjöfnunarskránni.-

Til Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. ágúst 1908

81

Á fundi 20.þ.m. sambykkti bæjarstjórnin að endurgreiða mætti Rósu Einarsdóttur helming af útsvari því,er hún hefur greitt fyrir árið 1908,ef vissa er fyrir því,að hún flytji ekki til bæjarins aptur á þessu ári.-

Samkvæmt beiðni nefndrar Rósu Einarsdóttur tilkynnist yður þetta hjer með,að því viðbættu,að senda verður bæjargjaldkeranum áreiðanleg skirteini fyrir því,að Rósa ekki flytji til bæjarins aptur á þessu ári.-

Ungfrú Katrin Dalhoff,Smiðjustig nr. 5.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. ágúst 1908

81

83 82

Á bæjarstjórnarfundi 20. þ.m. sambykkti bæjarstjórnin, að endurgreiða mætti Rósu Einarsdóttur nokkurri helming aukaútsvars þess, er henni hafði verið gjört að greiða hjer í kaupstaðnum fyrir árið 1908, og hún tjáir sig hafa greitt að fullu, ef vissa er fyrir því, að hún eigi flytji aptur til bæjarins á þessu ári.-

Þetta tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með og ber yður að endurgreiða nefndri Rósu helming útsvarsins, ef hún þegar hefur greitt það allt, þegar fullnægjandi skilríki eru yður fengin fyrir því að hún ekki flytji sig aptur til bæjarins á þessu ári.-

Til Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórans i Reykjavik
28. ágúst 1908

83 82

Á fundi 20.þ.m. sambykkti bæjarstjórnin að gefa skyldi eptir útsvar það,að upphæð 16 kr.,er látnum manni yðar, Þorsteini Jóhannssyni,hafði verið gjört að greiða til bæjarsjóðsins þetta ár.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til ekkjunnar Guðnýjar Brynjólfsdóttur.
Skólavörðustig 11.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavikur
28. ágúst 1908

84

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að bæjarstjórnin hafur á fundi 20. þ.m. samþykkti að gefa skyldi eptir aukaútsvar það, að upphæð 16 kr., er Þorstein trjesmiði Jóhannssyni á Skólavörðustig nr. 17 hafði verið gjört að greiða til bæjarsjóðs árið 1908.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. ágúst 1908

85

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar á síðasta fundi sendi jeg niðurjöfnunarnefndinni hjer með til umsagnar erindi Ólafs Árnasonar, Laugaveg Nr. 51, þar sem hann fer þess á leit, að honum verði gefinn eptir helmingur af aukaútsvari því, er honum hefur verið gjört að greiða þetta ár. Umsögnina væri æskilegt að fá fyrir næsta bæjarstjórnarfund.-

Til Niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. ágúst 1908

86

Hjer með tilkynnist yður, herra brunamálastjóri, að á fundi 20. þ.m. samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| 1, Gunnars kaupmanns Þorbjarnarsonar í Veltusundi og Hafnarstræti | kr. | 49283,00 |
| 2, Viðbótarbyggingu við húseign slátrunarfjelagsins á Frostastaðalóð | " | 27903,00 |
| 3, Skúr Gísla Eyjólfssonar, Vitastíg Nr. 15 | " | 925,00 |

Jafnframt leyfi jeg mjer að láta þess getið, að Gunnar kaupmaður Þorbjarnarson hefur óskað að fá yfirmat gjört á húseign sinni.-

Til Brunamálastjóra Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

28. ágúst 1908

87

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar þær, er sampykktar voru á bæjarstjórnarfundi 20. þ.m.- Jafnframt læt jeg þess getið, að Gunnar kaupmaður Þorbjarnarson hefur óskað að fá yfirmat á húseign sinni i Veltusundi, þar sem hann ekki vill una við þessa brunabótavirðingu á henni.-

Til Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
28. ágúst 1908

88

Á síðasta bæjarstjórnarfundi var lagt fram erindi yðar, herra bæjargjaldkeri, dags. 20.þ.m., þar sem þjer beiðist umsagnar bæjarstjórnarinnar um hvað gjöra skuli út af erindi (Ólafs kaupmanns) Ólafs kaupmanns Árnasonar dags. sama dag, þar sem hann neitar að greiða gjöld þau, er honum hafði verið gjört að greiða til bæjarsjóðsins þetta ár. Bæjarstjórnin fól mjer að leggja fyrir yður að framfylgja innheimtu á gjaldi þessu á venjulegan hátt.-

Þetta gjöri jeg hjer með, og ber að gjöra lögtak fyrir gjaldinu, og láta fógetarjettinn úrskurða um rjettmæti mótmæla þeirra gegn greiðslunni, er skuldunautur hefur fram að bera.-

Nefnt erindi Ólafs Árnasonar endursendist hjer með.

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

1. sept. 1908

89

Samkæmt umtali eruð þjer hjer með aðvaraður um, ef þjer viljið fá akkorð á greptri fyrir vatnsveitupipum á Laugavegi, að fara helzt i eptirmiðdag á skrifstofu vatnsveitunnar i Kirjustræti 10, og munu þá þeir Knud Zimsen og O.V.Kjögx semja við yður um þetta.- Skrifstofan er opin kl.6- 7 em.

Herra Jónas Þorsteinsson, Grettisgötu 19 A.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

31. ágúst 1908

90

Ef þjer viljið fá akkorð þau, er við höfum talað um við gröpt innanbæjar fyrir vatnsveitupípum, eruð þjer aðvarður um að snúa yður til skrifstofu Vatnsveitunnar, sem er í Kirkjustræti Nr. 10., helzt kl 6 - 7 e.m., og munu þeir Knud Zimsen og O.V.Kjöx þar semja við yður um vinnuna.-

Herra Jóhannes Jónsson, Tóptum við Lindargötu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

2. sept. 1908

Bæjarstjórninni hefur hingað til verið sent að eins eitt eintak af stjórnartíðindunum, sem brúkað er í sjálfum fundarsalnum. En þetta er ófullnægjandi. Hinar sjerstöku nefndir, er hafa á hendi stjórn bæjarmálefnanna halda fundi sína annarsstaðar og þurfa einnig stjórnartíðindanna með. Sjerstaklega þarf fátækranefndin opt á þeim að halda, og hefur væntanlega sama rjett til að fá þau sem hreppsnefndir utan kaupstaðanna. Eru það því virðingarfyllst tilmæli mín, að bæjarstjórninni verði eptirleiðis send tvö eintök af stjórnartíðindunum, er bæði verði send hingað á skrifstofuna.

Ennfremur leyfi jeg jafnvirðingarfyllst að fara
að fátækranefndinni
þess á leit, einnig verði látin í tje stjórnartíðindin fyrir umliðin ár, sjerstaklega frá byrjun ársins 1894 og til þessa tíma.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

92

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa leyft yður að hækka eldvarnargaflinn vestanvert við lóð yðar um 3 álnir og að gjöra vatnsbretti af eldvarnarvegg milli pakkhúsa.-

Herra kaupmaður Gunnar Gunnarsson , Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

93

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa samkvæmt ósk yðar leyft yður að byggja bráðabyrgðarskúr á lóð yðar, Hverfisgötu Nr. 50, en að húsabaki.-

Herra Guðmundur Sveinsson, Hverfisgötu Nr. 50.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. sept. 1908

94

Bæjarstjórn og byggingarnefnd haf samkvæmt ósk yðar leyft yður að gjöra skúr 4. 8 álnir á lóð yðar, Grettisgötu Nr. 22, með því skilyrði að eldvarnarveggur verði gjörður að vestan og sunnan, þar sem lóðartakmörk eru.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Ingvar Sveinsson , Hrauntúni við Laugaveg.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
4. sept. 1908

94

Á síðasta byggingarnefndarfundi var tekin fyrir beiðni yðar um að mega setja glugga á portið á húsið því, sem þjer eruð að smíða, en nefndin synjaði um samþykki sitt til þessa.-

Á sama fundi byggingarnefndarinnar var frestað að taka ákvörðun um beiðni yðar um að að fá að setja miðstöðvarhitun i sama hús, af því allar upplýsingar vantaði um hvernig fyrirkomulag hitunarfæranna á að vera og um legu þeirra i húsinu. Væntist því skýrsla send um þetta fyrir næsta byggingarnefndarfund til byggingarfulltrúans.-

Þessar gjörðir byggingarnefndarinnar samþykkti bæjarstjórnin á fundi i gær.-.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra snikkari Jóhannes Kr. Jóhannesson, Klapparstig 20.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4. sept. 1908

95

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær veitt samþykki sitt til þess að þjer megið breyta 150 ferálnum af erfðafestulandi yðar í byggingarlóð- því er þjer ætlið að selja Jóni Magnússyni fyrir 50 aura feralin hverja.Leyfið er þó bundið þeim skilyrðum,að 1/5 hluti söluverðsins greiðist í bæjarsjóði og að bæjarstjórnin haldi óskertum rjetti sinum til ókeypis vegarstæðis yfir spildu þessa,ef á þarf að halda.-

Þetta tilkynnist yður,herra óðalsbóndi,hjer með.

Herra óðalsbóndi Vilhjálmur Bjarnarson , Rauðará.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

95

Bæjarstjórnin hefur á fundi i gær veitt sampykki sitt til að Vilhjálmur bóndi Bjarnarson á Rauðará megi breyta i byggingarlóð 150 ferálnum af erfðafestulandi,er hann ætlar að selja Jóni Magnússyni fyrir 60 aura feralin hverja.,en leyfið er bundið pvi skilyrði að 1/5 hluti söluverðsins greiðist i bæjarsóð.

Jafnframt pvi að tilkynna yður petta,herra bæjargjaldkeri,er lagt fyrir yður að veita viðtöku og kvitta fyrir nefndum 1/5 hluta kaupverðsins,pegar hann verður greiddur yður.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

96

Bæjarstjórnin hefur á fundi í gær veitt samþykki sitt til þess ,að þjer,herra trjesmiður,megið breyta í (þ byggingarlóð 400 ferálnum af erfðafestulandi yðar( baklóð upp af lóð Ingvars Sveinssonar) við Grettisgötu,er þjer ætlið að selja Sigurði trjesmið Ásbjörnssyni fyrir 1 kr. feralin hverja.En samþykki bæjarstjórnarinnar er þó bundið því skilyrði,að 1/5 hluti söluverðsins verði greiddur í bæjarsjóð og að bærinn haldi óskertum rjetti sínum til að fá ókeypis vegarstæði yfir lóðina,ef á þarf að halda.--

Þetta tilkynnist yður,herra snikkari,hjer með og væntist það,að þjer greiðið til bæjargjaldkerans þann 5. hluta kaupverðsins,sem rennur í bæjarsjóðinn jafnsnemma og salan fer fram.-

Herra snikkari Guðmundur Egilsson,Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4. sept. 1908

97

Á fundi i gær samþykkti bæjarstjórnin að Guðmundur trjesmiður Egilsson mætti breyta 400 ferálnum af erfðafestulandi sínu við Grettisgötu i byggingarlóð, er hann ætlar að selja Sigurði trjesmið Árnasyni fyrir 1 kr. feralin hverja, en leyfið var bundið því skilyrði að 1/5 hluti kaupverðsins yrði greiddur i bæjarsjóð. Þessum 5. hluta kaupverðsins eruð þjer, herra bæjargjaldkeri, beðinn um að veita viðtöku og kvitta fyrir.-

Til Bæjargjaldkerans.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
4.sept.1908

93

Jeg sendi yður, herra snikkari hjer með eptirrit af ályktun er byggingarnefndin gjörði 31.f.m. viðvikjandi byggingu húss yðar, og eruð þjer jafnframt aðvaraður um að fullnægja ályktun þessari.

Herra
snikkari Jóhannes Kr.Jóhannesson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
4. sept. 1908

97

Jeg sendi yður, herra byggingarfulltrúi hjer með eptirrit úr fundargjörð byggingarnefndarinnar, 31. f.m. af ályktun er nefndin gjörði viðvikjandi húsi því, sem Jóh. Kr. Jóhannesson, er að byggja við Laugaveg. Vænti jeg að þjer sjáið um, að ályktun þessari verði fullnægt.

Til

Byggingarfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4.sept.1908

97

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður, að byggja hús á svonefndri Oddsbæjarlóð,þó aðeins með því skilyrði að þjer áður en þjer byrjið á húsagerðinni gjörið vagnfæran veg frá Bræðraborgastig að hinu fyrirhugaða hússtæði yðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

húsmaður Steindór Guðmundsson,Vaktarabæ,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4.sept.1908

100

Fjárhagsnefndin hefur samþykkt,að taka gild veð það,er þjer,herra gjaldkeri,hafið boðið fyrir bæjargjöldunum með því skilyrði að það verði upplýst með veðbókarvottorði bæjarfóget að lóð yðar við Garðastræti sje ekki neinum þinglesnum veðböndum háð.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta,vænti jeg,að þjer útvegið veðbókarvottorð þetta og undirskrifið veðbrjefið og afhendið handveð þau,er þjer hafið boðið.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
4.sept.1908

101

Á fundi i gær synjaði bæjarstjórnin beiðni yðar herra bæjargjaldkeri,um að fá talsima á kostnað bæjarsjóðs á skrifstofu yðar.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

102

Á fundi í gær samþykkti bæjarstjórnin, að greiða sem húsaleigu fyrir hornaflokkinn (Lúðurþeytafjelagið) 10 kr. á mánuði frá 1. april til 31. des. þ. á.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

járnsmiður Eiríkur Bjarnason, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur.

4.sept.1908

103

Á fundi í gær samþykkti bæjarstjórnin að falla skyldi niður útsvar það,er yður,herra snikkari hafði verið gjört að greiða árið 1908.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

snikkari Steindór Jónsson,Klapparstíg 4

Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
4.sept.1908

104

Á fundi í gær samþykkti bæjarstjórnin að niður mætti falla aukaútsvar Steindórs Jónssonar snikkara á Klapparstíg 4.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, eruð þjer hjer með aðvaraðir um að afmá útsvar þetta af niðurjöfnunarskránni.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4. sept. 1908

105

Bæjarstjórnin hefur vísað til umsagnar veganefndar erindi Sturla kaupmanns Jónssonar dag. 3. þ. m., þar sem hann býður bæjarstjórninni forkaupsrjett að erfðafestulandi því er fylgir Sauðagerði. Erindi þetta sendi jeg hjer með og óska að fá umsögn nefndarinnar fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Til

Veganefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

4. sept. 1908

106

Undanfarin ár hefur ljósmóðir Sesselja Ólafsdóttir Skólavörðustíg 14 gegngt ljósmóðurstörfum hjer i bænum og sem þóknun fyrir störf sín hefur hún fengið 100 kr. styrk á ári úr bæjarsjóði, sem veittur hefur verið fyrir ár og ár i senn. Eins og meðfylgjandi erindi sýnir hefur hún n'u sótt um að styrkur þessi verði fram lengdur fyrir næsta ár frá 1. okt. næstkomandi að telja, og um leið hækkaður upp i 200 kr., eða sömu upphæð sem hinum föstu yfirsetukonum bæjarins er nú veitt. Á fundi i gær frestaði bæjarstjórnin að taka ákvörðun erindi þetta, en fól mjer, að leita yfirlýsingar herra landlæknisins og yðar herra hjeraðslæknir um það, hvort þörf myndi vera á því, að setja á stofn fasta ljósmóðursýslan hjer i bænum i viðbót við þær þrjár sem nú eru, og ef það álitist svo, þá hvort til væri hæf yfirsetukona i þá stöðu, er fullnægði skilyrðum þeim er lögin setja. Jeg bið yður því, herra hjeraðslæknir, að láta mjer i tje fyrir næsta bæjarstjórnarfund skýrslu yðar um þetta, og þá jafnframt álit yðar um hvort heldur ætti að setja slíka fasta sýslan á fót eða halda áfram að veita nefndri Sesselju Ólafsdóttir styrk úr bæjarsjóði fyrir ljósmóðurstörf hennar.

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

4.sept.1908



107

Undanfarin ár hefur ljósmóðir Sesselja Ólafsdóttir Skólavörðustig 14 gegnt ljósmóðurstörfum hjer i bænum og sem þóknun fyrir störf sin hefur hún fengið 100 kr. styrk á ári úr bæjarsjóði, sem veittur hefur verið fyrir ár og ár i senn. Eins og meðfylgjandi erindi sýnir hefur hún nú sótt um að styrkur þessi verði framlengdur um eitt ár frá 1.okt. næstkomandi að telja, og um leið hækkaður upp i 200 kr. eða sömu upphæð, sem hinum föstu yfirsetukonum bæjarins er nú veitt. Á fundi i gær frestaði bæjarstjórnin að taka ákvörðun um erindi þetta en fól mjer að leita yfirlýsingar yðar herra landlæknir og hjeraðslæknisins um það hvort þörf mundi vera á, að fjölga föstum yfirsetukonum i bænum, en þær eru nú þrjár, og ef það álitist, þá hvort til væri hæf yfirsetukona i þá stöðu, er fullnægði skilyrðum þeim er lögin setja.

Jeg bið yður því, herra landlæknir, að láta mjer i tje fyrir næsta bæjarstjórnarfund skýrslu yðar um þetta og þá jafnframt álit yðar um hvort heldur ætti að skipa fasta yfirsetukonu eða halda áfram að veita nefndri Sesselju Ólafsdóttur styrk úr bæjarsjóði fyrir að gegna ljósmóðurstörfum i bænum sem að undanförnu.

Til

landlæknisins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

5.sept.1908

108

Hjer með tilkynnist yður, herra brunamálastjóri, að samþykktar hafa verið brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Jóh. Kr. Jóhannessonar | kr. | 13.700.oo |
| 2. Steingríms Guðmundssonar | " | 2.212.oo |
| 3. Lárusar G. Lúðvígssonar | " | 9.896.oo |
| 4. Gísla Þorbjarnarsonar | " | 8.935.oo |

Til

Brunamálastjóra Reykjavíkur -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.sept.1908

Herra Magnús Vigfússon á Miðseli á að greiða í bæjarsjóði leigu af lóðarbletti, er hann hefur frá bænum, andvirði 100 pd. af saltfiski. Gjaldi þessu eruð þjer herra bæjargjaldkeri beðinn að veita móttöku.-

Hinsvegar á sami maður, að fá endurgoldið úr bæjarsjóði 20 króna ársleigu fyrir garð er látinn var undir sóttvarnarhúsið. Þessar 20 kr. eruð þjer beðinn um að greiða honum.-

Til

Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

109

Á fundi í gær sambykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingu á húsi Þorv.Krabbe á kr.15056.oo.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra brunamálastjóri, hjer með.-

Til

Brunamálastjóra Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
18.sept.1908

110

Byggingarnefndin hefur leyft og bæjarstjórnin samþykkt að þjer megið byggja sölubúð við austurgafl húss yðar, Laugaveg 33, þó þannig að 3 álna sund verði að húsabaki milli lóðarinnar og geymsluhúss þess, sem þar er fyrir. Stærð lóðarinnar er ráðgerð 6 með götu og 15.álnir á hinn veginn.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með, herra steinsmiður.-

Herra
steinsmiður Jónas Þorsteinsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

111

Byggingarnefndin og bæjarstjórnin hafa samþykkt að Sláturfjelag Suðurlands megi stækka tvo glugga á suðurhlið geymsluhúss fjelagsins.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna hjer með.-

Til

Sláturfjelags Suðurlands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

112

Byggingarnefndin hefur leyft og bæjarstjórnin samþykkt, að þjer megið breyta suðurhluta geymsluhúss yðar á Kárastöðum í íbúðarhús,svo framarlega sem það fullnægir öllum kröfum byggingarsamþykktarinnar um gerð íbúðarhúsa.Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

Jónas H.Jónsson,Kárastöðum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

112

Á fundi bæjarstjórnarinnar 17.sept. var yður synjað um leyfi til að byggja skúr vestan við hús yðar Nýlendugötu 16, vegna þrengingar þeirrar á stignum vestan hússins, sem sú bygging mundi hafa í för með sjer, en yður var leyft að byggja skúr 4.6 álnir áfastan húsinu að norðan gegn því að þeir tveir skúrar falli, sem nú eru þar.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

Jón Einarsson, Nýlendugötu 16, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

114

Byggingarnefnd og Bæjarstjórn hafa samþykkt,að yður,herra trjesmiður verði veitt undanþága frá 13.gr.samþykktarinnar,þannig að vegghæð húss þess,er um ræðir í fundargjörð 15.ágúst,megi vera eptir uppdrætti(15 álnir).Hinsvegar,að þjer gjörið laglegan grasbekk umhverfis húsið,svipaðan þeim sem er umhverfis hús Thors Jensens.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

trjesmiður Steingrimur Guðmundsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.sept.1908

115

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær var yður synjað um undanþágu frá ákvæðum samþykktarinnar um eldvarnarvegg.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra kaupmaður hjer með .-

Herra

kaupmaður Ámundi Árnason, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.sept.1908

116

Bæjarstjórnin samþykkti á fundi 17.þ.m.,að þjer,herra professor megið breyta 73 1/4 ferálnum erfðafestulands í bygg-ingarlóð gegn því að 1/5 hluti kaupverðsins borgist í bæjar-sjóð og bærinn haldi rjetti sínum óskertum til ókeypis vegar-stæðis af landinu,ef til kynni að koma.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra professor Þórhallur Bjarnarson,Laufási.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

117

Byggingarnefndin hefur leyft og bæjarstjórnin samþykkt uppsetning lopthitunarfæra ,herra skólamálastjóri,i húsi yðar við Laufásveg.

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra

skólamálastjóri Jón Þórarinsson,Laufásveg

Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18.sept.1908

113

Á fundi bæjarstjórnarinnar í gær,var lögð fram beiðni yðar,herra kaupmaður,um makaskipti á lóðum austanvert við Tjörnina sunnan Fríkirkju og var lagður fram uppdráttur af þeim lóðarstykkjum,sem um er að ræða.Bæjarstjórnin áleit,að bærinn hafi rjett til að fá ókeypis undir veg lóðarspildur þær, sem þjer bjóðið fram í skiptum frá yður og Steingrími Guðmundssyni og geti því ekki verið hjer um neín makaskipti að ræða.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

kaupmaður Thor Jensen,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18.sept.1908

119

Á fundi bæjarstjórnar Reykjavikur i gær,var fiskiveiðahlutafjelaginu"Íslandi"leyft að byggja fiskverkunarhús á Kirkjusandi,35.16 álnir að stærð.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra kaupmaður, hjer með.-

Herra
kaupmaður Jes Zimsen,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

18. sept. 1908

120

Hjer með tilkynnist yður herra brunamálastjóri,, að á fundi í gær sambykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vilhjálms Bjarnarsonar á Rauðará | kr. | 21.482.oo |
| 2. Pjeturs Þórðarsonar Klapparstig | " | 4.770.oo |
| 3. Diechmanns við Lindargötu | " | 1.833.oo |
| 4. Jónatans Þorsteinssonar, Laugavegi | " | 57.774.oo |
| 5. Ingvars Sveinssonar, Grettisgötu | " | 5.915.oo |
| 6. (skúr) Ólafs Jónssonar, Lindargötu | " | 360.oo |
| 7. Þorv. Krabbe við Tjarnargötu | " | 15.056.oo |

Til

Brunamálastjóra Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. sept. 1908

121

Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar, er samþykktar voru á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.sept.1908

122

Á fundi 18.þ.m.samþykkti byggingarnefndin svohljóðandi ályktun :

"Út af erindi frá Bjarna Magnússyni, Laugaveg 18 er honum skipað á ný að rífa niður útihús 4.7 álnir á lóð hans(þ.e. það sem eptir stendur af því)en honum hinsvegar leyft að byggja vanhús,ekki stærri að grunnfleti en 3 feralin,Að öðru leyti ítrekar nefndin kröfu sína um,að bæjarfógeti komi fram ábyrgð á hendur Bjarna Magnússyni fyrir vanrækslu á því að fullnægja fyrirmælum byggingarnefndar um lagfæringar á íbúðar og útihúsum á Laugaveg 18 þó að því undanteknu,að samkvæmt athugun byggingarfulltrúans má telja íbúðarherbergi það,er áður var talið of lítið í hinu minna íbúðarhúsi hans íbúðarfært(sjá 4.og 8.apríl og 15.ág.þ.á.)

Þetta hefir bæjarstjórnin samþykkt á síðasta fundi,og tilkynnist yður þetta til eptirbreytni,sem svar upp á brjef yðar 2.þ.m..

Herra

Bjarni Magnússon,Laugaveg 18.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21. sept. 1908

123

Í framhaldi af brjefi minu dags. 25. f. m., leyfi jeg mjer hjer með að senda yður, herra bæjarfógeti, eptirrit úr gjörðabók byggingarnefndarinnar frá 12. þ. m., og er ályktun þessi svar upp á brjef Bjarna Magnússonar 2. þ. m., þar sem hann fer þess á leit, að hann muni láta standa nokkuð af húsum þeim er hann hefur byggt ólöglega á lóð sinni nr. 18 við Laugaveg. Byggingarnefndin heldur því fram ósk sinni um það, að Bjarna verði haldið til að fullnægja ákvæðum samþykktarinnar og að hann verði latinn sæta ábyrgð fyrir þau brot á henni er hann hefur framið. - Leyfi jeg mjer að vænta, að þetta verði gjört og mun byggingarfulltrúinn segja til ß hverjum atriðum byggingarsamþykktir hefur verið brotin. -

Til

Bæjarfógetans í Reykjavik. -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.sept.1908

123

Á fundi 17.sept.p.m. lýsti bæjarstjórnin yfir að hún vildi ekki nota forkaupsrjett sinn til að kaupa erfðafestuland Sauðagerðis,er Gísli Einarsson ætlar að selja yður fyrir 5000 kr.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra kaupmaður,hjer með .-

Herra

kaupmaður Sturla Jónsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
21.sept.1908

124

Á fundi 17.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin að þjer,herra kaupmaður væruð skipaður sveitarhöfðingi við slökkvuliðið i stað Rostgaards,sem farinn er af landi burt,en Kjögx verkfræðingur skipaður sveitarhöfðingi yfir vatnsburðarliðinu.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra kaupmaður, hjer með.-

Herra
Kaupmaður Benedikt S.Þórarinsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.sept.1908

Á fundi 17.þ.m. samþykkti bæjarstjórnin,að þjer,herra verkfræðingur væruð skipaður sveitarhöfðingi yfir vatnsburðarliðinu ,en Benedikt Þórarinsson skipaður sveitarhöfðingi við slökkvuðiðið.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra verkfræðingur hjer með.-

Herra

verkfræðingur Kjögx,Kirkjustræti 10.

Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

21.sept.1908

126

Á fundi bæjarstjórnarinnar voruð þjer,herra trjesmiður, ásamt Sigvalda Bjarnasyni snikkara skipaðir reglulegir virðingarmenn til brunabóta fyrir árið frá 1.okt. til 1.okt.1909.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

trjesmiður Hjörtur Hjartarson,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21.sept.1908

127

Á fundi bæjarstjórnarinnar voruð þjer,herra trjesmiður ásamt Hirti Hjartarsyni snikkara skipaðir reglulegir virðingarmenn til brunabóta fyrir árið frá 1.okt.1908 til 1.okt.1909.

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

trjesmiður Sigvaldi Bjarnason,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21.sept.1908

128

Eptir tillögum yðar,herra brunamálastjóri,voru á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar skipaðir reglulegir virðingamenn til brunabóta,Hjörtur Hjartarson og Sigvaldi Bjarnason fyrir árið frá 1.okt.1908 til 1.okt.1909

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Til

Brunamálastjóra Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

21.sept.1908

129

Hjer með sendi jeg veganefndinni til umsagnar erindi Páls Halldórssonar,er lagt var fyrir siðasta bæjarstjórnarfund,dags.14.þ.m..-

Til

Veganefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

22.sept.1908

Da der snart vil være brug for de resterende 100000 kr.af det laan forsörgelsesforeningen "Bikuben" har tilslaaet Reykjavik Byraad,anmodes direktionen herved om godhedsfuldt at fremsende en consept til obligationen for resten af laanet.

Til

Direktionen for forsörgelsesforeningen "Bikuben".-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret Reykjavik

22.sept.1908

I anledning af at der for tiden forarbeider til at faa bygget gasværk her i byen, tillader jeg mig her ved at forespörge hvor meget gasværk har kostet, og at anmode om godhedsfuldt at faa tilsendt oplysninger om gasværkets störrelse, de aarlige driftsudgifter og indtægter, samt om forbruget af gas.

Jeg forudsætter at dette ikke vil forvolde altfor megen ulejlighed og takkende paa forhaand for venlig imödekommenhed af dette mit önske tegner jeg

Ærbödigst

Til

Borgmesteren i

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

22.sept.1908

132

a/s hr.Sophus Berendsen,Kjöbenhavn

I besiddelse af deres fakturaer undlader jeg ikke hoslagt at fremsende en check paa Privatbanken stor kr.10126.o9, hvilket belöb Reykjavikby er dem skyldig ifölge fakturaerne.-

Det bemærkes,at der ikke er blevet fradraget noget for brudte rör,idet vi gaar ud fra,at erstatning for dette vil blive udbetalt af vekommende assurance selskabs agent her i byen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
23.sept.1908

133

Bæjarstjórnin hefur veitt yður,herra trjesmiður, leyfi til þess,að setja acetelyngaslýsingu i hús það nr.17 við Laugaveg,sem þjer eruð að byggja með því skilyrði,að þjer fullnægjið þeim ákvörðunum um það,sem settar eru i reglugjörð 30.des.1903,og hlýtið i því efni fyrirmælum eptirlitsmanns bæjarstjórnarinnar,en sem eptirlitsmann acetelyngasstöðva hjer i bænum hefur bæjarstjórnin kosið herra verkfræðing Knud Zimsen.

Ber yður því,áður en gasstöðin er sett i húsið að bera yður saman við hann og skal það jafnframt tekið fram, að gjöra verður litilfjörlegar breytingar á fyrirkomulagi því, sem ætlast er til,að stöðin i húsi yðar hefði samkvæmt uppdrætti þeim er þjer hafið sent.

Herra
trjesmiður Jóhannes Kr.Jóhannesson,Laugavegi 17,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23. sept. 1908

134

Jeg sendi yður, hjer með, herra byggingarfulltrúi, til umsagnar og undirbúning undir næsta byggingarnefndarfund erindi Karitasar Tómásdóttur um að fá breytt 200 fer al. úr Nýjabæjarbletti í byggingarlóð og ennfremur erindi Samúels Ólafssonar um sölu á lóð undir væntanlega gangstjett meðfram Laugaveginum.

Til

Byggingarfulltrúa Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

23.sept.1908

135

Hjer með tilkynnist yður, herra kaupmaður, að bæjarstjórnin neitaði á siðasta fundi, að samþykkja yfirmat það, er gjört var á húseign yðar i Veltusundi og Hafnarstræti, og stendur því hið eldra mat á húsinu óhaggað.

Herra

kaupmaður Gunnar Þorbjarnarson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

23.sept.1908

136

Hjer með tilkynnist,herra brunamálastjóri,að bæjarstjórnin neitaði á síðasta fundi að samþykkja yfirmat það, er gjört hafði verið á húseign Gunnars Þorbjarnarsonar kaupmanns í Hafnarstræti og Veltusundi,og verður því væntanlega að standa við eldra matið.

Ennfremur tilkynnist hjer með að bæjarstjórnin vildi heldur ekki á þessum fundi samþykkja virðinguna á vjelunum í húsi Diechmanns við Lindargötu,þar sem hún leit svo á,að vjelar þessar ekki mundu verða teknar í ábyrgð í vátryggingarfjelagi hinna dönsku kaupstaða.

Vegna þess,að það hefur nú tvívegis komið fyrir að húseigendur hafa ekki viljað hlýta brunabótavirðingum hinna skipuðu virðingamanna og beiðst yfirmats,eptir að bæjarstjórnin hefur samþykkt virðinguna,en bæjarstjórnin vill hinsvegar ekki ganga inn á breytingar á virðingum,sem hún einu sinni er búin að samþykkja nema húsinu hafi að einhverju leyti verið breytt eða smíði á því haldið áfram,þá er þess óskað,að eigendum húsanna sje ætíð gefinn kostur á að láta uppi hvort þeir vilja samþykkja brunabótavirðingarnar áður en hún er lögð fyrir bæjarstjórnina til samþykktar,og ættu húseigendurnir að rita á sjálfa virðingargjörðina hvort þeir sjeu henni samþykkir eða ekki.

Til

Brunamálastjóra Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
23.sept.1908

137

Í framhaldi af brjefi mínu dags.18.þ.m. leyfi jeg mjer hjer með að tilkynna yður,herra bæjarfógeti,að bæjarstjórnin vildi ekki á síðasta fundi samþykkja yfirmat það, er gjört var á húseign Gunnars Þorbjarnarsonar í Hafnarstræti og Veltusundi,og stendur því ennþá hið eldra mat á húsinu óhaggað.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26.sept.1908.

138

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa Stjórnarráði hjer með tillögu Fátækranefndar Reykjavikur um það hverjum börnum verði veittur styrkur úr Thorckillisjóðnum yfirstandandi ár.

Til

Stjórnarráðs Íslands, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

29.sept.1908

139

Herra verzlunarstjóri P.Nielsen,Eyrarbakka

Jeg hef heyrt það,að Lefolii verzlun hafi liggjandi nokkrar byrgðir af dynamitti,og þar sem dynamit er bærinn hafði samið um að fá frá útlöndum kemur seinna en lófað var,þannig að bæinn vantar dynamit nokkra daga,leyfi jeg mjer að fara þess á leit,að verzlunin vildi helzt lána okkur dynamit það er hún hefur gegn endurgjaldi í sama innan nokkra vikna,eða ef hún vildi það heldur selja bænum byrgðar sinar.Jeg sendi mann gagngert til yðar til þess að semja um þetta við yður og hefur hann fullt vald til þess að gera samninga hjer að lútandi fyrir bæinn,og verður nokkuð af kaupum,verður kaupverðið greitt tafarlaust eptir að jeg hef meðtekið reikning yðar.

Virðingarfyllst

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

29.sept.1908

140

Hjer með leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra kaupmaður,að vatnsveitunefndin hefur hafnað tilboði yðar um að selja vatnspípur o.fl. til innlagningar í hús hjer í bænum.

Herra

kaupmaður Ólafur Hjaltested,Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
2.okt.1908

140

Hjer með tilkynnist yður, herra járnsmiður, að bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður að byggja bráðabyrgðaskúr á lóð bæjarins við húsið nr.108 á Laugavegi, með því skilyrði að skúrinn standi aðeins til næsta vors og er það á yðar ábyrgð að hann verði þá rifinn niður.

Herra
járnsmiður Jón Felixson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

141

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin og bygging-arnefndin hafa leyft yður, að stækka skúrinn við íbúðarhús yðar þannig að hann verði 4.10,5 álnir.

Til

Guðrúnar Jónsdóttur, Selkoti.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

142

Hjer með tilkynnist yður,herra trjesmiður,að bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa leyft yður,að byggja ibúðarhús með skúr á lóð yðar við Óðinsgötu með þeirri stærð og gerð,er tiltekin var i uppdrætti þeim sem fylgdi beiðni yðar.

Herra

trjesmiður Gunnar Gunarsson,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

143

Hjer með tilkynnist yður,að bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa veitt samþykki sitt til þess að þjer megið byggja á hús á lóð yðar við Sellandsveg með þeirri gerð og stærð sem tilgreinir í uppdrætti þeim sem fylgdi beiðni yðar.Leyfi þetta er bundið því skilyrði,að vagnfær vegur verði gjörður að hússtæðinu og verður að gjöra hann áður en byrjað er að smíða húsið.

Herra

Ingimundur Pjetursson,Sellandsveg ? ,Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

2.okt.1908

144

Hjer með tilkynnist yður, að byggingarnefndin hefur á fundi 30.þ.m. synjað yður um meðmæli til þess að fá undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar, er þjer hafið farið fram á í brjefi dags.25.þ.m., að því er snertir breytingu á geymsluhúsi yðar í íbúðarhús.

Herra

Jónas H.Jónsson, Kárastöðum.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

145

Á síðasta byggingarnefndarfundi var skýrt frá því, að eigandinn að húsinu 4 B við Skólavörðustiginn(Jóhannes Lárusson ? hefði byggt salerni við húsið í óleyfi byggingarnefndar og bæjarstjórnar. Samkvæmt ósk byggingarnefndarinnar, leyfi jeg mjer því að fara þess á leit, að þjer, herra bæjarfógeti, vilduð rannsaka þetta og ef það reynist svo, þá að koma fram ábyrgð á hendur þeim sem hefur gjört það.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

146

Á siðasta fundi samþykkti byggingarnefnd kaupstaðarins svohljéðandi ályktun :

" Gisla Björnssyni fyrirskipað að rifa tafarlaust niður skúr hans á Leikvelli við Grettisgötu,Gjöri hann það ekki sje hann kærður til sekta og skúrinn rifinn niður á hans kostnað,(sbr.byggingarnefndargjörð 7.des.1907)"

Þetta leyfi jeg mjer hjer með að tilkynna yður,herra bæjarfógeti,og fara þess á leit,að þjer vilduð sjá um að Gisli Björnsson gjöri þetta og koma fram ábyrgð á hendur honum ef hann ekki rifur skúrinn niður tafarlaust,en skúr þennan hafði hann samkvæmt áminnstri fundargjörð 8.des.1907 aðeins fengið leyfi til að láta standa til loka maimánaðar þetta ár.

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
2.okt.1908

147

Á síðasta byggingarnefndarfundi var gjörð svohljóð-andi ályktun:

" Nefndin kærir Helga Jósefsson Laugavegi 24 B fyrir það að hafa tekið til íbúðar hús sem honum var 1.júní1907 synjað um að hafa íbúð í og fyrir önnur brot á byggingarsamþykkt-innú,er verkfræðingur skýrir bæjarfógeta nánar frá.Nefndin krefst þess að íbúð leggist þegar niður í húsinu".

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bæjarfógeti, og jafnframt beiðast þess að þjer komið fram ábyrgð á hendur nefndum Helga Jósefssyni fyrir brot á byggingarsamþykktinni og mun byggingarfulltrúinn skýra yður nánar fra í hverju brot hans eru fólgin.

Til

Bæjarfógetans í Reykjavik

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

148

Á siðasta byggingarnefndarfundi var gjörð svohljóðandi ályktun :

Nefndin kærir Guðmund Magnússon Grettisgötu 58 B fyrir það að hann hefur tekið til ibúðar hús það sem byggingarnefndin hefur synjað um leyfi til að nota til íbúðar 19.okt.1907. Nefndin krefst þess að ibúð peggist þegar niður i húsinu".

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, og beiðast þess að þjer vilduð koma fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og mun byggingarfulltráinn gefa yður nánari skyrslu um þetta ef hann verður kallaður i rjettinn, sem jeg vænti að þjer munuð gjöra.-

Til

Bæjarfógetans i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908



149

Á fundi bæjarstjórnarinnar i gær voru samþykktar brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| sr.Jóns Helgasonar,Tjarnargötu | kr. | 16.225.oo |
| Lúðviks Hafliðasonar,Vesturgötu 11 | " | 5.083.oo |
| Guðm.Egilssonar,Laugavegi 42 | " | 4.535.oo |
| Bjarna Matthiassonar,Garðastræti | " | 6.526.oo |
| Guð.Ingimundarsonar,Bergstaðastræti | " | 12.376.oo |
| Páls Ó.Lárussonar,Skólavörðustig | " | 3.587.oo |
| Steindórs Ólafssonar,Grettisgötu 56 | " | 7.329.oo |
| Sigurjóns Ólafssonar,Hverfisgötu | " | 11.567.oo |
| Jóhanns Hafliðasonar,Njálsgötu 13 | " | 4.721.oo |
| Thor Jensen,Frikirkjuvegi | " | 94.486.oo |
| motor i húsi Dichmanns við Lindargötu | " | 10.000.oo |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra brunamálastjóri hjer með.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.okt.1908

150

Hjer með sendi jeg yður, herra bæjarfógeti, brunabótavirðingar, er sambykkktar voru á siðasta fundi bæjarstjórnarinnar 1.þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.okt.1908



151

Í framhaldi af brjefi mínu dags.18.f.m. leyfi jeg mjer hjer með að tilkynna yður,herra bæjarfógeti,að bæjarstjórnin héfur á síðasta fundi samþykkt brunabótavirðingu á motornum í húsi Dichmanns við Lindargötu,10.000 kr.,og er þannig brunabótavirðingin á húsi hans með vjelunum samtals 11.833 krónur.

Til

[illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
3.okt.1908

152

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 1.þ.m. samþykkt að útsvar yður fyrir árið 1908 skuli fært niður úr 10 kr. í 4 kr..

Herra

Þorkell Halldórsson, Njálsgötu 30, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3.okt.1908

153

Hjer með tilkynnist yður,að bæjarstjórnin hefur á fundi 1.þ.m. samþykkt að útsvör þau,er yður hafði verið gjört að greiða fyrir árið 1907 og 1908 skyldi lækka úr 16 kr. niður i 8 kr. hvort árið.Ber yður þannig að greiða án frekari dráttar 16.kr. i bæjarsjóðinn og fáið þjer þá fullnæga kvittun fyrir útsvörunum.

Herra

Guðjón Rögnvaldsson,Hverfisgötu 25

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.okt.1908

154

Hjer með tilkynist yður, að bæjarstjórnin hefur á síðastafundi samþykkt að lækka útsvar yðar fyrir árið 1908 úr 8 kr. niður í 4 kr..

Herra

Ólafur Árnason, Laugaveg 51, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.okt.1908

155

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 1.þ.m. samþykkt að lækka skuli útsvar yðar fyrir árið 1908 úr 18 kr. niður í 10 kr..

Herra

Sæmundur Guðmundsson, Grjótá í Fljótshlíð.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.okt.1908

256

Hjer með tilkynnist yður, herra skólastjóri, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi ákveðið að útsvar það, er yður með aukaniðurjöfnun hafði verið gjört að greiða fyrir árið 1908 skuli lækkað úr 60 kr. niður í 30 kr..-

Til

Herra

skólastjóri Magnús Helgason, Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjórá Reykjavíkur

3.okt.1908

157

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi ákveðið samkvæmt ósk yðar, að falla megi burtu útsvar það, erlátnum manni yðar Magnúsi skipstjóra Jónasyni hafði verið gjört að greiða fyrir árið1908.-

Til

..ekkjunnar Sigurveigar Runólfsdóttur

Sellandsstig 4.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
3. okt. 1908

158

Á síðasta fundi ákvað bæjarstjórnin, að útsvar það, er yður hafði verið gjört að greiða fyrir árið 1908 skyldi fært niður um 4 kr.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra Árni Helgason, Melstað við Framnesveg.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3. okt. 1908



Á síðasta bæjarstjórnarfundi 1. þ.m. voru eptirgreindar breytingar gjörðar á útsvörum manna til kaupstaðarins :

1, Útsvar Þorkels Halldórssonar Njálsgötu 20 fært niður úr 10 kr. í 4 kr. ( 1908)

2, Útsvar Árna Helgasonar frá Njálsgötu 47, sem nú á heima við Framnesveg ( Melstað) fyrir árið 1908 var lækkað um 4 kr.-

3, Útsvar Guðjóns Rögnvaldssonar, Hverfisgötu 25, fyrir árið 1908 og fyrir árið 1907 var fært niður úr 16 kr. í 8 kr. hvort árið.-

4, Útsvar Ólafs Árnasonar, Laugaveg 51 ( frá Skalholtskoti) fyrir árið 1908 fært niður úr 8 kr. í 4 kr.-

5, Útsvar Sæmundar Guðmundssonar Þingholtsstræti, 1908 fært niður úr 18 kr. í 10 kr.-

6, Útsvar Magnúsar Helgasonar skólastjóra lækkað úr 60 kr. í 30 kr.-

7, Fellt var burtu útsvar það, er Magnúsi Jónssyni skipstjóra Sellandsstíg Nr. 4, sem nú er drukknaður, hafði verið gjört að greiða.-

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra gjaldkeri, til þess að þjer leiðrjettið niðurjöfnunarskrárnar samkvæmt því.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu borgarstjóra Reykjavíkur
3. okt. 1908

160

Á síðasta bæjarstjórnarfundi samþykkti bæjarstjórnin að veita yfirsetukonunni Sesselju Ólafsdóttur 100 króna þóknun fyrir ljósmóðurstörf fyrir árið frá 1. þ.m. til jafnlengdar næsta ár.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta, herra bæjargjaldkeri, eruð þjer aðvaraður um að greiða nefndri yfirsetukonu þóknun þessa á sínum tíma.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
3.okt.1908

161

Hjer með tilkynnist yður, að bæjarstjórnin hefur á fundi 1.þ.m. veitt yður 100 kr. styrk fyrir árið frá 1.þ.m. til jafnlengdar 1909, sem þóknun fyrir að gegna ljósmóðurstörfum hjer í bænum.

Til

yfirsetukonunnar Sesselju Ólafsdóttur, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

3.okt.1908

162

Hjer með tilkynnist yður, herra bókhaldari, að bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samkvæmt tillögu fátækranefndarinnar kosið yður sem fátækrafulltrúa í staðinn fyrir Gisla Jónsen kaupmann.

Herra

bókhaldari Árni Jónsson, Völundi", .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

3.okt.1908

163

hjer með tilkynnist yður, herra bæjargjaldkeri, að á síðasta bæjarstjórnarfundi var dregið út til innlausnar nr.15 af handhafabrjefum hins svonefnda Lauganesláns kaupstaðarins. Ef handhafi brjefs þessa afhendir yður það með áritaðri kvittun, ber yður að greiða honum út höfuðstól lánsins að fullu.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

5.okt.1908

144

Út af brjefi yðar,herra óðalsbóndi,dags,18.f.m., þar sem þjer skýrið frá því,að gera þurfi við vitann í Engey, eruð þjer beðinn um að koma til viðtals við mig,þegar þjer verðið hjer næst á ferð um það hvað gjöra þurfi til þess að setja vitann í gott ástand aptur.Ef bilunin er fólgin í því að ljóskerinu sjálfu er eitthvað ábótavant,er þess óskað að þjer takið það með yður til viðgerðar.

Herra

óðalsbóndi Bjarni Jónsson,Engey.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

7.okt.1908

Firma Carl Francke, Bremen.-

Deres telegram modtaget i gaar. En oversigt over byens finanzielle stilling vil blive dem tilsendt snarest muligt.

Det er endnu uafgjort om deres tilbud om gas og elektricitetsværker til byen vil blive accepteret. Da man her i landet er ukendt med gassen önsker man at sætte sig saa grundigt ind i sagen som muligt för end endelig bestemmelse bliver taget, og at anskaffe sig forskellige oplysninger desangaaende. For sagens udfald anser jeg det ogsaa for heldigst at der ikke bliver ilet for meget med at tage den endelige beslutning. Jeg tillader mig derfor at anmode om at acceptfristen, der i tilbudet er ansat til 3 maaneder maatte om fornödent blive forlænget med 1-3 maaneder. I tilfælde af at de gaar ind paa dette anmodes de om, at telegrafere dette. Kun tallet 1 eller 2-eller 3-er tilstrækkeligt. Forlængelsen vil kun blive benyttet, hvis det viser sig nödvendigt.-

Jeg takker for deres ærede af 21.f.m.-Brochuren"Die Beleuchtung kleiner Stadte er ikke modtaget,, men kommer antagelig med næste post.

Med höjagtelse

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. okt. 1908

166

Ekkjan Sigríður Hermannsdóttir á Hverfisgötu Nr.10 hefur kvartað yfir því við mig, að nágrannar hennar helli skolpi og óþverra inn á lóð hennar. Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra bæjarfógeti, ef þjer vilduð láta rannsaka, hvort þetta er rjett og koma fram ábyrgð á hendur þeim, er kunna að hafa gjört sig seka í því.-

Til Bæjarfógeta Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. okt. 1908

167

Hjer með tilkynnist fátækranefndinni, að bæjarstjórnin hefur á fundi 1. þ.m. kosið Árna Jónsson, bókhaldara í Völundi sem fátækrastjóra í staðinn fyrir Gísla kaupmann Jónsson, sem fluttur er burt úr bænum.-

Til fátækranefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. okt. 1908

168

Með heiðruðu brjefi dags. 9 þ.m. hef jeg meðtekið frá yður, herra háyfirdómari, sem formanni Elliðaárnefndarinnar til greiðslu í bæjarsjóðinn 68 kr., sem eru gjöld fyrir veiðileyfi í Elliðaánum, er seld hafa verið í septembermánuði.-

Fyrir þessum 68 kr. kvittast hjer með.-

Herra háyfirdómari Kristjan Jónsson, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. okt. 1908

169

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með til greiðslu í bæjarsjóðinn, 68 kr., er komið hefur hefur inn fyrir veiðileyfi í Elliðaánum í septembermánuði.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. okt. 1908

170

Með heiðruðu brjefi dags. 9.þ.m. hef jeg meðtekið frá fátækranefndinni 20 kr.,sem er endurgjald á sveitarstyrk þeim,er Pjetri Illugasyni frá Grjóta var veittur 4. og 18. júli þ.á..-

Fyrir þessum 20 kr. kvittast hjer með.-

Til fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
11. okt. 1908

171

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 20 kr., sem er endurgjald frá Pjetri Illugasyni frá Grjóta, nú á Melstad, fyrir fátækrastyrk þann, er honum var veittur 4. og 18. júli þ.á.-

Fyrir þessu óskast kvittun.-

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. okt. 1908

172

Jeg sendi yður, herra bæjargjaldkeri, hjer með 175 kr. í bæjarsjóðinni til endurgjalds fátækrastyrk og legukostnaði þeim, er tilgreindur er í meðfylgjandi eptirriti af brjefi fátækranefndarinnar dags. 9. þ.m.-

Fyrir upphæðum þessum óskast kvittun við tækifæri.

Til Bæjargjaldkera Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
11. okt. 1908

173

Með heiðruðu brjefi dags. 9.þ.m. hef jeg meðtekið frá fátækranefndinni 175 kr. til greiðslu í bæjarsjóðinn og til endurgjalds þessum upphæðum :

| | |
|---|---|
| 1, Barnsmeðlagi frá Helgu Magnúsdóttur með dóttur hennar | kr. 15,oo |
| 2, Legukostnaði Sigurrósar Jósiasdóttur, Barónsstig 18, | " 49,oo |
| 3, Legukostnaði Jóseps Sæmundssonar, Vesturgötu Nr. 35 | " 24,oo |
| 4, Legukostnaði Júlíusar Þorsteinssonar, Bergstaðastræti 21, | " 47,oo |
| 5, Upp í legukostnað Bjarndísar Bjarnadóttur, Skólavörðustig 33 | " 40,oo |

Fyrir þessum upphæðum kvittast hjer með.-

Til Fátækranefndar Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1906

174

Jeg sendi fátækranefndinni hjer með til umsagnar brjef bæjarfógetans i Reykjavik, dags. 18.f.m. og þar með fylgjandi erindi Elinbjargar Runólfsdóttur á Eskifirði, fráskilinni konu Guðmundar Pjeturssonar læknis hjer i bænum, en i erindi þessu fer hún þess á leit, að fátækrasjóður Reykjavikur greiði henni meðlag það er maður hennar hefur samkvæmt skilmálunum lofað að greiða til framfæris henni og börnunum.

Til

Fátækranefndar Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

13.okt.1908

Jeg sendi yður,herra bæjargjaldkeri hjer með vixil útg. af [illegible] Þórðarsyni í dag fyrir 151 kr.50 a. og samþykktan af Guðmundi Egilssyni trjesmið hjer í bænum. Vixilupphæð þessi á að ganga til lúkningar andvirði lóðar sem Guðmundur Egilsson hefur keypt af bænum við Skólavörðustig,og er lagt fyrir yður að innheimta upphæð vixilsins á gjalddaga hans,sem er 13.april [illegible] næsta ár.

Til

Bæjargjaldkera Reykjavikur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16.okt.1908

176

Á síðasta fundi samþykkti bæjarstjórnin brunabótavirðingar á eptirgreindum húseignum :

| | | |
|---|---|---|
| Þorvaldar Krabbe í Tjarnargötu | kr. | 17.135.00 |
| Skúla Thoroddsen Vonarstræti | " | 42.092.00 |
| Sigurðar Jónssonar,Laugavegi 77 | " | 2.280.00 |
| Landssjóðs(Kennaraskólinn) við Laufásveg | " | 34.128.00 |
| Halldórs Briems við Laufásveg | " | 11.904.00 |
| Guðmundar Guðmundssonar,Laugavegi | " | 3.792.00 |
| Jónasar Guðmundssonar Hverfisgötu | " | 7.652.00 |
| Jóns Sveinssonar,Laugaveg 61 | " | 23.829.00 |
| Jóns Þórðarsonar,Þingholtsstræti 8 A | " | 4.830.00 |
| Jóns Þórðarsonar,Þingholtsstræti 8 B | " | 6.385.00 |

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra brunamálastjóri hjer með.-

Til

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

16.okt.1908

177

Jeg sendi yður, herra bæjarfógeti, hjer með brunabótavirðingar, er samþykktar voru á bæjarstjórnarfundi í gær .-

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.okt.1908

178

Með því að skilarjettin fyrir Seltjarnarneshrepp varð ekki vegna illveðurs haldin hinn ákveðna dag þ.6.þ.m., hefur hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ákveðið að hún skuli haldin miðvikudaginn þann 21 þ.m..Smalað verður til rjettar þriðjudaginn þann 20 þ.m.,og ber smalamönnunum að mæta á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þann 19 þ.m..Eruð þjer því hjer aðvaraður um að láta mann mæta til smöluninnar á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þ.19.þ.m. til fullnægingar fjallskilum þeim ,er yður hefur verið gjört að inna af hendi samkvæmt því er yður hefur verið tilkynnt áður.-

Herra

Bjarni Björnsson,Øskjuhlið.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
17.okt.1908

179

Með því að skilarjettin fyrir Seltjarnarneshrepp varð ekki vegna illveðurs haldin hinn ákveðna dag þ.6.þ.m.,hefur hreppsnefnd Seltjarnarneshrepp ákveðið að hún skuli haldin miðvikudaginn þann 21.þ.m..Smalað verður til rjettar þriðjudaginn þann 20.þ.m.,og ber smalamönnunum að mæta á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þann 19.þ.m..Eruð þjer því aðvaraður.um að láta mann mæta til smölunninnar á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þann 19.þ.m. til fullnægingar fjallskilum þeim,er yður hefur verið gjört að inna af hendi samkvæmt því er yður hefur verið tilkynnt áður.-

Herra

Hannes Hansson,póstur,Reykjavik .-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstöfu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.okt.1908

180

Með því að skilarjettin fyrir Seltjarnarneshrepp varð ekki vegna illveðurs haldin hinn ákveðna dag þann 6.þ.m., hefur miðhreppsnefnd Seltjarnarneshrepps ákveðið að hún skuli haldin miðvikudag þann 21.þ.m..Smalað verður til rjettar priðjudaginn þann 20 þ.m.,og ber smalamönnunum að mæta á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þann 19.þ.m..Eruð þjer því aðvaraður um að láta mann mæta til smölunninnar á Lækjarbotnum mánudagskvöldið þann 19.þ.m. til fullnægingar fjallskilum þeim,er yður hefur verið gjört að inna af hendi samkvæmt því er yður hefur verið tilkynnt áður.-

Herra

Bjarni Grimsson,Grimstaðaholti

Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofa Borgarstjóra Reykjavíkur
17.okt.1908

181

Á fundi í gær veitti brunamálanefnd kaupstaðarins samþykki sitt til,að firmað Axel Malm mætti setja upp acetelyngasstöð til að lýsa með hús Slippfjelagsins við Mýrargötu. Leyfið er bundið því skilyrði,að gasstöðin og allur útbúnaður á ljósáhöldunum fullnægji ákvæðum reglugjörðar 30.des.1903 og beri í því efnum að öllu leyti að hlýta fyrirmælum eptirlitsmannsins,sem er,herra verkfræðingur Knud Zimsen.

Þetta tilkynnist hjer með,að því viðbættu,að eigendur húss þess nú og seinna verða að vera skyldir til að greiða hækkun þá á brunabótagjaldi,er nágrannarnir kunna að þurfa að greiða fyrir það að acetelyngasljós er sett í húsið.-

Til

Slippfjelagsins í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

17.okt.1908

182

Á fundi brunamálanefndar kaupstaðarins í gær var tekið til meðferðar umsókn frá Axel Malm um að setja acetelyngass ljósaumbúnað í Iðnaðarmannahúsið. Brunamálanefndin veitti sampykki sitt til þessa en þó með þessum skilyrðum:

1. Að útgöngudyr verði settar á suðurhlið leiksalsins sem næst miðju.
2. Að hurðir á öllum útidyrum hússins bæði frá leiksalnum og sjónarsviðinu falli út, sem og miðhurðin út frá sjónarsviðinu.
3. Að eigendur hússins skyldu vera skyldir til að greiða hækkun þá á brunabótagjaldi, er leiða kynni af hinu nýja ljósi fyrir nágranna þeirra.

Ennfremur er það að sjálfsögðu skilyrði að gasstöðin sjálf og allur útbúningur ljósáhaldanna fullnægi ákvæðum reglugjörðar 30.des.1903, og ber í því efnum að öllu leyti að hlýta fyrirmælum eptirlitsmannsins herra verkfræðings Knud Zimsens

ii

húsnefnd

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.okt.1908

183

Á fundi brunamálanefndarinnar í gær var tekin fyrir beiðni yðar um, að mega setja acetelyngasljós í hús Slippfjelagsins við Mýrargötu og í Iðnaðarmannahúsið. Nefndin veitti samþykki sitt til þessa, en þó að því er Iðnaðarmannahúsið snertir með eptirfylgjandi skilyrðum :

1. Að útgöngudyr verði settar á suðurhlið leiksalsins sem næst miðju,
2. Að hurðir á öllum útidyrum hússins bæði frá leiksalnum og sjónarsviðinu sem og miðhurðin út frá sjónarsviðinu verði látnar falla út.

Ennfremur var það gjört að skilyrði fyrir báðar stöðvarnar að allur útbúningur þeirra fullnægji ákvæðum reglugjörðar 30.des.1903, og ber í þeim efnum að öllu leyti að hlýta fyrirmælum eptirlitsmannsins herraverkfræðing Knud Zimsens, og loks að eigendur húsanna beggja verði skyldir til að greiða hækkun þá á brunabótagjaldi, er nágrannar þeirra kunna að þurfa að greiða vegna þess að acetelynljós er sett í húsið.-

Uppdrættir þeir, er fylgdu umsókn yðar endursendast hjer með .-

Herra

verkfræðingur Axel Malm

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. okt. 1908

184

Bæjarstjórnin og byggingarnefndin hafa samþykkt, að byggja megi hið fyrirhugaða skólahús á Landakoti og hafa mælt með, að veittar verði þær undanþágur frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar að því er skólahúsið snertir, sem beðið hefur verið um bæði að því er snertir þakhallann og stigana. Jeg sendi yður, velæruverðugi herra prestur hjer með eptirrit úr gjörðabókum byggingarnefndarinnar og bæjarstjórnarinnar um þetta, og leyfi mjer um leið, að benda yður á, að stjórnarráðið þarf að samþykkja undanþágur þessar.-

Uppdrátturinn af skólahúsinu sem og beiðni yðar um undanþágurnar og byggingarleyfið endursendist hjer með, en hvorutveggja óskast endursent mjer eptir að málið hefur verið afgreitt frá stjórnarráðinu.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

18. okt. 1908

185

Jeg leyfi mjer virðingarfyllst að senda hinu háa stjórnarráði hjer með skuldabrjef útgefið af bæjarstjórn Reykjavikur 15. þ.m. til lifsábyrgðarfjelagsins "Hafnia" fyrir 50 þúsund krónum, sem er einn hluti af láni því, sem bærinn tekur til vatnsveitunnar. Leyfi jeg mjer jafnvirðingarfyllst að fara þess á leit, að stjórnarráðinu vildi þóknast að rita á brjefið sjálfskuldarábyrgð landsstjórnarinnar samkvæmt þar um gildandi ákvæði i fjárlögunum.-

Til Stjórnarráðs Íslands.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur
18. okt. 1908

187

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa veitt yður leyfi til að byggja íbúðarhús á baklóðinni við Hverfisgötu 22, með þeirri gerð og stærð, sem getið er um í beiðni yðar og þar með fylgjandi uppdrætti.-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra trjesmiður Ófeigur Vigfússon, Hverfisgötu 22.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

16. okt. 1908

188

Jeg sendi bankanum hjer með skuldabrjef útgefið 15.þ.m. af bæjarstjórn Reykjavíkur til handa lífsábyrgðarfjelaginu "Hafnia" fyrir 50 þúsund krónum,með áritaðri sjálfskuldarábyrgðar- yfirlýsingu landsstjórnarinnar.Mælist jeg til,að bankanum vildi þóknast að láta veita upphæð skuldabrjefsins viðtöku í Kaupmannahöfn,að frádregnu stimpilgjaldinu og vöxtum til 11. desember næstkomandi . Jeg vænti að Reykjavíkurbæ verði færð upphæð skuldabrjefsins,sem innborguð verður, til tekna í viðskiptareikningi bæjarins við bankann frá þeim degi,að hún verður greidd umboðsmanni bankans í Kaupmannahöfn.-

Þess skal getið,að jeg hef aðvara lífsábyrgðarfjelagið "Hafnia" um,að upphæð skuldabrjefsins verði vitjað eptir komu póstskipsins til Kaupmannahafnar.-

Til Íslandsbanka.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

19. Okt. 1908

189

Efter modtagelsen af æret skrivelse af 2. d.m. har byraadet paa möde 15. d.m. underskrevet en obligation til "Hafnia", stor 50,000 kroner. Obligationen, der er underskrevet af byraadets samtlige tilstedeværende medlemmer og er bleven forsynet med ministeriets garantierklæring, er indsendt til Islandsbank, der lader belöbet hæve ved sin representant i Köbenhavn ( Privatbanken). Förend belöbet udbetales önskes fradraget dette : stempelafgivten og renter til 11. Des. d.a. saavel af denne obligation som af obligationen 6. Aug. d.a.-

Den indsendte concept tilbagesendes hoslagt. Hvis byen faar de resterende 50000 kr. hos "Hafnia" önskes concept til obligationen for dette belöb indsendt ved förste behagelige lejlighed.-

Det meddeles at der er truffet en förelöbig aftale med Islandsbank om at denne udbetaler ved Privatbanken i Köbenhavn de i obligationen af 6. Aug. og 15. d.m. stipulerede renter og afbetalinger, der forfalder hver 11. júni og 11. Des., förste gang 11. Juni 1909.-

Med höjagtelse.

Til Livsforsikringsselskabet " Hafnia",

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

19. Okt. 1908

190

Jeg tillader mig herved at meddele,at der er truffet en forelöbig aftale med Islandsbank om at denne udbetaler indtil videreved Privatbanken i Köbenhavn hver 11. Juni og 11. Des. de stipulerede renter og afbetalinger af byens gjæld til forsikringsselskabet.-

Selskabet anmodes om godhedsfuldt at sende pr. omgaaende en bekræftet genpart af byraadets gældsbrev.-

Med höjagtelse.

Til Forsikringsselskabet "Danmark", Köbenhavn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgmesterkontoret i Reykjavik

19. Okt. 1908

191

Jeg tillader mig herved at meddele, at der er truffet en forelöbig aftale med Islandsbank om at denne udbetaler indtil videre ved Privatbanken i Köbenhavn de i byraadets gældsbreve af 17. Okt. 1907 og 16. Mai d.á. stipulerede renter og afbetalinger, der forfalder hver 11. Juni og 11. Des.

Med Högagtelse

Til Forsörgelsesforeningen "Bikuben". Köbenhavn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

19. okt. 1908

192

Samkvæmt munnlegu viðtali og i framhaldi af því leyfi jeg mjer hjer með að fara þess á leit, að bankinn vildi greiða fyrst um sinn i Kaupmannahöfn vexti og afborganir af lánum þeim, er Reykjavikurbær hefur á þessu ári og i fyrra fengið i Kaupmannahöfn. Greiðslur þessar eiga allar að fara fram 11. júni og 11. des. ár hvert og eru sem hjer segir :

1, Til Forsörgelsesforeningen "Bikuben" : 2.kr.2706,38 eða kr. 5412,76 hvern 11. júni og jafnmikil upphæð hvern 11. des. Fyrsta greiðsla 11.des. næstkomandi.

2, Til Livsforsokringsselskabet "Danmark" kr. 2706,38, hvern 11. júni og 11. des., fyrsta sinn 11. des. næstkomandi.

3, Til Livsforsikringsselkabet "Hafnia" : 2707 kr. + 1354 kr. = 4061 kr. hvern 11. júni og 11. des. i fyrsta sinn 11. júni 1909.-

Jeg hef nú samstundis skrifað hlutaðeigandi skuldheimtumönnum bæjarins, að upphæðir þessar muni á sínum tíma verða greiddar þeim eptir ráðstöfun bankans, og sendi jeg hjer með eptirrit af brjefunum.-

Virðingarfyllst

Til Íslandsbanka.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.okt.1908

193

Bæjarstjórn og byggingarnefnd hafa veitt yður leyfi til að breyta og búa 2 herbergi til íbúðar í húsi yðar við Klapparstig samkvæmt uppdrætti þeim er fylgði beiðni yðar og ennfremur að gjöra smá breytingar á gluggaskipun í kjallaranum.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður, herra úrsmiður, hjer með.-

Herra

úrsmiður Pjetur Hjaltested, Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
20.okt.1908

194

Á fundi bæjarstjórnarinnar 15.þ.m. var yður synjað um meðmæli með að fá undanþágu frá ákvæðum byggingarsamþykktarinnar um fjarlægð íbúðarhúss yðar við Laugaveg nr.24 B frá næstu lóðarmörkum.Hinsvegar var yður leyft að hafa íbúð í húsinu til næsta vors (14.mai ).-

Þetta tilkynnist yður hjer með.-

Herra
Helgi Jósefsson,Laugaveg 24 B
Reykjavík.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

20.okt.1906

195

Á síðasta fundi bæjarstjórnarinnar var yður leyft að láta íbúð vera í húsi yðar Grettisgötu 58 B til 14.maí næstkomandi.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður hjer með.-

Herra

Guðmundur Magnússon ,Grettisgötu 58 B,Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur